# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 7. nóvember 2007 – 45. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Vistvæn prentsmiðja
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


Framliðnar stjörnur

**Elvis þénar mest að nýju**



4




12

Fólk í fjármálum

**Milljón í föt á ári**



14

# Ekki trúverðugt að fresta vaxtahækkun

## Davíð Oddsson Seðlabankastjóri segir bankann gagnrýndan vegna þess að vextirnir virki. Hann segir að evruumræða hafi ekki komið bönkunum vel.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Það væri ekki trúverðugt fyrir bankann að segja einu sinni enn að ef þetta héldi áfram að versna að þá myndum við bregðast við,“ segir Davíð Oddsson Seðlabankastjóri um hækkun stýrivaxta bankans fyrir helgi. Vextirnir eru nú 13,75 prósent. Davíð segir að það taki langan tíma fyrir stýrivexti að bíta en hugsanlega sé rót gagnrýni á peningamálastefnu bankans sú að vextirnir séu farnir að hafa áhrif. „Við höfum aldrei sagt að þetta virki eins og skot. Það gerir það hvergi. En við sjáum að það virkar hér,“ segir Davíð.

Meirihluti tekna stóru bankanna kemur nú að utan og bæði Straumur og Kaupþing hafa tilkynnt um að til standi að skrá hlutabréf félaganna í evrum, Davíð segir að það virðist ekki koma bönkunum til góða á markaði. „Tilkynningar um að þeir séu ekki íslenskur banki, heldur nokkurs konar evrópskur banki virðast ekki hafa hjálpað þeim.“

Hann bætir því við að þetta sé mjög óþægilegt fyrir íslenska hlutabréfakaupendur. Hann undrist að Kauphöllin ræði aldrei um þá og hagsmuni þeirra.

Davíð vill lítið tjá sig um þrautarvaralán til fjármálastofnana. Seðlabankar gefi aldrei yfirlýsingar um slíkt. Almenna reglan sé sú að fyrirtæki beri sjálf ábyrgð á ákvörðunum sínum en almennt sé talið að gagnvart bönkum geti þeir haft áhrif á trúverðugleika þjóðar og fjármálakerfisins, þá kunni seðlabanki og ríkisvald að þurfa að vinna gegn hinu almenna lögmáli og grípa inn í. „Innlendan vanda getur Seðlabankinn endalaust varið. Erlendur peningavandi lýtur allt öðrum lögmálum,“ segir Davíð Oddsson. Hins vegar sé hægt að hugsa sér dæmi um að Seðlabankinn geti haft áhrif á erlendan vanda án þess að eyða krónu. Hann gæti til dæmis lýst því yfir að hann ábyrgðist allar skuldbindingar viðkomandi banka. Þá standi líkur til þess að ekki yrðu gerð hlaup á hann. Slík fyrirgreiðsla væri þó mjög óvenjuleg og ólíkleg þannig að á hana geti enginn treyst. Til viðbótar þessum fyrirvörum þurfi að hafa í huga að seðlabankar hjálpi aldrei fjármálastofnunum sem ekki séu taldar eiga fyrir skuldum sínum,

Sjá síðu 8-9

# Aldrei meiri velta með listaverk

## Velta á íslenska uppboðsmarkaðnum er þegar komin fram úr veltu ársins í fyrra. Meðalverð á íslenskum verkum hefur tvöfaldast á milli ára.

Íslenski uppboðsmarkaðurinn með listaverk hefur velt hærri upphæðum það sem af er ári en allt árið í fyrra. Veltan nemur nú rúmum 146 milljónum íslenskra króna, samanborið við 112 milljónir allt árið í fyrra. Ellefu af tuttugu dýrustu verkum sem selst hafa á íslenskum uppboðum frá upphafi hafa selst á þessu ári.

Að minnsta kosti tvö uppboð eru eftir á árinu, hjá Gallerí Fold og Arnason & Andonov. Síðarnefnda fyrirtækið sérhæfir sig í uppboðum á frímerkjum og myntum en er einnig með eitthvað af listaverkum. Því er ljóst að veltan mun enn aukast.

Frá árinu 2005 hefur meðalverð seldra listaverka á uppboðum rokið upp. Í fyrra var meðalverð verka seldra á uppboðum 178.911 krónur. Það sem af er þessu ári er meðalverðið 345.361 krónur. Verkum í sölu fjölgaði líka töluvert í fyrra. „Með hækkandi verði koma fleiri verk í sölu, það helst dálítið í hendur. Umfangið á listaverkamarkaðnum hefur því aukist bæði í fjölda og krónutölu,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, listaverkasali í Gallerí Fold.

Jóhann heldur utan um íslensku listaverkavísitöluna, sem byggir á gagnagrunni yfir öll seld verk á íslenskum uppboðum frá árinu 1956. Frá því í fyrra hefur hún hækkað um 96 prósent. Verk seld á uppboðum erlendis eru ekki innan vísitölunnar. Velta með þau hefur hins vegar einnig aukist verulega á árinu, bæði í fjölda seldra verka og verði.

Verðþróun á mörkuðum erlendis virðist að mörgu leyti stjórna verðmyndun hér á landi, að sögn Jóhanns. „Verkin hér togast upp þegar þau hækka erlendis. Strax eftir söluna á Hvítasunnudegi Kjarvals seldist til að mynda verk eftir Ásgrím á 8,9 milljónir hér heima. Það er hæsta verð sem fengist hefur fyrir íslenskt verk á uppboði hér.“

- hhs / sjá síðu 6



# Sami bíllinn kostar minna

Hátt gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur skilað sér í bílverði. „Á sama tíma í fyrra mátti fá Ford Explorer-jeppa frá Bandaríkjunum á 5,4 milljónir króna en nú kostar sami bíllinn 4,8 milljónir,“ segir Sverrir Sigurjónsson hjá IB á Selfossi, sem einkum flytur inn frá Bandaríkjunum. Hann segir ekkert lát á sölunni og þakkar það genginu. Reinhard Valgarðsson hjá Plús Gallery telur þó að markaðurinn sé að mettast. „Dollarinn hefur verið lágur en salan hefur ekki verið eins góð og hún ætti að vera miðað við það.“ Bandaríkjadalurinn kostaði 68 krónur og 20 aura fyrir ári en kostar nú minna en 59 krónur. Minni breytingar hafa orðið á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum undanfarið ár, þó hvað mestar á sterlingspundinu breska en gengi þess hefur lækkað um næstum því sjö krónur á einu ári. - ikh


TrackWell
FORÐASTÝRING
Flotaeftirlit – tækjanotkun og akstursgreining
www.trackwell.com


## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Teymi tapar** | Teymi tapaði 1.187 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi. Hagnaðurinn á fyrstu níu mánuðum ársins nam hins vegar 1.575 milljónum króna.

**Kaupa myllu** | Norvik hf., félag í eigu Jóns Helga Guðmundssonar, hefur keypt sögunarmyllu í sænsku Smálöndunum. Ársvelta félagsins nemur ríflegum þremur milljörðum sænskra króna.

**Óvæntur hagnaður** | Exista skilaði um 7,4 milljóna evra hagnaði á þriðja fjórðungi, eða um 644 milljónum króna. Meðalspá greiningardeilda bankanna hljóðaði upp á sem svarar tæplega 10,5 milljarða króna tap.



**Engin skemmtun** | Seðlabankinn hækkar ekki stýrivexti sér til skemmtunar. Þetta sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í vikunni þegar ákvörðun um 0,45 prósentustiga hækkun stýrivaxta var kynnt.

**Talsverð aukning** | Hagnaður til hluthafa Landsbanka Íslands nam 8,5 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi. Aukningin frá sama tíma í fyrra nemur 61,3 prósentum.

**Selja fasteignir** | Eimskipafélagið seldi fasteignir í Kanada til fasteignafélagsins Kingsett fyrir rúma 19 milljarða króna.

**Snúið við** | Viðsnúningur varð á rekstri 365 á þriðja ársfjórðungi. Hagnaður félagsins nam þá fjórtíu milljónum króna. Á sama tíma í fyrra nam tap félagsins 323 milljónum af sömu starfsemi.

**Vænt tap** | Tap FL Group á þriðja ársfjórðungi nemur 27,1 milljarði króna. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir uppgjörið endurspegla punktstöðu á mörkuðum enda skrái félagið allar eignir á markaðsvirði.


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,3%*
GBP 6,4%*
USD 5,0%*
DKK 5,6%*
EUR 4,2%*
CAD 6,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. okt. - 1. nóv. 2007.

GOTT FÓLK

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Atorka | -2,7% | 60,1% |
| Bakkavör | -6,1% | 0,8% |
| Exista | -5,4% | 37,3% |
| FL Group | -4,3% | -7,6% |
| Glitnir | -4,3% | 14,4% |
| Eimskipafélagið | -3,1% | 26,2% |
| Icelandair | -3,0% | -12,1% |
| Kaupþing | -7,9% | 22,8% |
| Landsbankinn | -3,7% | 60,6% |
| Straumur | -5,5% | 3,7% |
| Teymi | 4,6% | 22,9% |
| Össur | -1,4% | -9,3% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Lokasprettur hafinn



Tímasetning evruskráningar hlutabréfa verður væntanlega ljós í næstu viku. Breytingum í þá veru var frestað í september þegar til stóð að skrá hlutabréf Straums fjárfestingarbanka í evrum.

Einar Sigurjónsson, forstjóri OMX Verðbréfaskráningar Íslands, segir þá sem koma að evruskráningunni hafa skipst á að fara yfir útfærslu hennar síðustu daga. „En ég held þetta sé á lokasprettinum í þessari viku þannig að ljóst verði hvernig þetta verður gert. Þá munum við reyna að setja fram einhverjar tímasetningar í framhaldinu.“ **- óká**

# Yfirtaka lána óheimil

Frá og með 2. desember geta íbúðarkaupendur ekki tekið yfir lán hjá Kaupþingi sem bera lægri vexti en í boði eru hjá bankanum.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir það hafa heyrt til undantekninga að nýir kaupendur fengju leyfi til að yfirtaka lán með lægri vöxtum. Hann býst við að alveg verði tekið fyrir slíkar undantekningar nú.

Vala Pálsdóttir, upplýsingafulltrúi Glitnis, segir enga ákvörðun hafa verið tekna hjá Glitni um svipaðar aðgerðir. Ekki náðist í forsvarsmenn Landsbankans vegna málsins.

Bæði Kaupþing og Glitnir hafa tilkynnt hækkun vaxta á nýjum íbúðalánum eftir stýrivaxtahækkun Seðlabankans á fimmtudaginn.

Hjá Kaupþingi verða vextir nýrra lána 6,4 prósent. Hjá Glitni verða þeir 5,80 á lánum með fasta vexti og 6,50 á lánum með breytilega vexti. Vaxtabreyting hefur ekki verið tilkynnt hjá Landsbankanum. Þar eru vextir nýrra íbúðalána 5,75 prósent og 6,45 prósent með endurskoðunarákvæði. **- hhs**

# Hagnaður Commerzbank eykst um 56 prósent

## Afkoma bankans er undir væntingum Bloomberg.

Commerzbank hagnaðist um 339 milljónir evra (tæpa 29 milljarða króna) á þriðja ársfjórðungi samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Það er aukning um 56 prósent frá sama tíma í fyrra þegar hagnaðurinn var 217 milljónir evra (tæpir 18,5 milljarðar króna).

Hagnaður á hlut fyrstu níu mánuði ársins nemur 2,61 evru hjá bankanum, en það er aukning um 37 prósent frá fyrra ári þegar hann var 1,9 evrur. Hagnaður fjórðungsins er engu að síður undir spá greinenda sem Bloomberg leitar til, en þeir höfðu gert ráð fyrir 454 milljóna evra hagnaði. Að sögn Bloomberg spilar þar inn í afskrift upp á 291 milljón evra vegna undirmálslána í Bandaríkjunum. Afskriftin er heldur meiri en ráð var fyrir gert.

Commerzbank er næststærsti banki Þýskalands sé horft til eigna bankans. FL Group á 4,3 prósenta eignarhlut í bankanum. **- óká**

# Október í öðru sæti

Nýliðinn mánuður er sá næstveltumesti í OMX-kauphöllinni hér frá upphafi. Velta í mánuðinum nam 279 milljörðum króna, en metmánuðurinn var hins vegar ágúst síðastliðinn þegar veltan var 302 milljarðar.

„Veltan á hlutabréfamarkaði nam 179 milljörðum sem er nokkuð minni velta en á sama tíma og í fyrra þegar veltan nam 240 milljörðum,“ segir hins vegar í tilkynningu Kauphallarinnar. Í mánuðinum var engu að síður sett met í hlutabréfaviðskiptum í Nordic Exchange en 16. október nam verðgildi hlutabréfaviðskipta í kauphöllum samstæðunnar 973,7 milljörðum króna. Fyrra met var frá 3. maí á þessu ári, 843,3 milljarðar króna.

Heildarvelta í Kauphöllinni hér fyrstu tíu mánuði ársins var hins vegar 4.575 milljarðar króna, nokkru meiri en allt síðasta ár þegar hún var 4.484 milljarðar. Í októberlok stóð Úrvalsvísitalan í 8.114,76 stigum og hafði hækkað um 26,6 prósent frá áramótum. „Á hlutabréfamarkaði var Glitnir með mestu veltuhlutdeildina í október eða rúm 27 prósent en á skuldabréfamarkaði var það Kaupþing banki með tæplega 36 prósenta veltuhlutdeild,“ segir í samantekt Kauphallarinnar. **- óká**

### VELTUHLUTDEILD FIMM UMSVIFAMESTU Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

**Hlutabréf**

| Fyrirtæki | Október | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Glitnir | 27,2% | 24,2% |
| Kaupþing | 26,3% | 29,9% |
| Landsbankinn | 16,5% | 25,4% |
| Straumur | 7,9% | 7,8% |
| Saga Capital | 7,8% | 2,1% |

**Skuldabréf**

| Fyrirtæki | Október | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Kaupþing | 35,8% | 30,0% |
| Glitnir | 15,6% | 18,8% |
| Straumur | 15,5% | 13,4% |
| Landsbankinn | 13,8% | 18,1% |
| MP Fjárfestingarb. | 7,2% | 8,7% |

*Heimild: OMX Kauphöll Íslands*

# Áhersla Landsbanka af TM yfir á Vörð

## Breytt eignarhald tryggingafélaga getur af sér slag um viðskipti. Landsbankinn býður nú viðskiptavinum sínum að færa tryggingar sínar til Varðar. Bankinn var í samstarfi við Tryggingamiðstöðina áður en FL keypti félagið nýlega.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Landsbanki Íslands býður viðskiptavinum um þessar mundir að flytja tryggingar yfir í Vörð tryggingar ehf. Áður var bankinn með tilboðskjör tengd tryggingum Tryggingamiðstöðvarinnar.

Breytt landslag í eignarhaldi tryggingafélaga er rót þessara breytinga, en FL Group, stærsti hluthafi Glitnis, keypti nýverið Tryggingamiðstöðina, þar sem Landsbankinn átti stóran hlut. Í nóvember í fyrra keypti hins vegar eignarhaldsfélag SP-Fjármögnunar, Landsbankans og Byrs sparisjóðs Vörð, sem þá hét Vörður Íslandstrygging. Nafni félagsins var breytt í sumar.

Guðmundur Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri Varðar, segir að frá í júní hafi verið keyrt upp sölusamstarf við Landsbankann og telur ljóst að félagið taki smám saman við sem aðaltryggingafélag bankans. „Við höfum verið litli aðilinn á markaðnum og erum svo sem enn, en við ætlum að breyta því þannig að í stað þess að talað verði um félögin þrjú viljum við að talað verði um félögin fjögur.“

Guðmundur segir fólk ekki jafn fastheldið á tryggingafélög og áður og telur að það láti kjör fremur ráða viðskiptunum. „Við finnum að stærri hópur er tilbúinn að skoða sín mál,“ segir hann og telur tengsl milli banka og einstakra tryggingafélaga jafnframt hafa meira að segja en áður. „Ef Landsbankinn telur sig geta boðið sínum viðskiptavinum hagstæðari kjör í samstarfi við okkur en bjóðast annars staðar kann það að hafa nokkuð mikið að segja.“

Samkvæmt heimildum Markaðarins er enn verið að meta stöðuna hjá Tryggingamiðstöðinni, enda tiltölulega skammt síðan þar urðu breytingar á eignarhaldi og yfirstjórn. Ljóst er þó að meira hangir á spýtunni en einstaklingsviðskipti viðskiptavina bankanna, því bankarnir kaupa margvíslega þjónustu af þeim tryggingafélögum sem þeir tengjast, eða hafa samið við. Þannig hefur Tryggingamiðstöðin til þessa annast kreditkortatryggingar fyrir Landsbanka Íslands, en ekki ólíklegt að viðskipti sem slík færist yfir til Varðar.



**GUÐMUNDUR JÓHANN JÓNSSON** Guðmundur er framkvæmdastjóri tryggingafélagsins Varðar, sem Landsbankinn á stóran hlut í. MARKAÐURINN/VÖLUNDUR

Kaup FL Group á Tryggingamiðstöðinni eru nú til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu, en mánaðamótin síðustu réði félagið yfir meira en 97 prósentum hlutafjár í TM og hafði gert tilboð í útistandandi hluti.

Hvorki náðist í Sigurð Viðarsson, forstjóra TM, né Gunnar Karl Guðmundsson, stjórnarformann félagsins.



# Kemur ekki á óvart!

## SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,4%***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**15,4% ávöxtun***

Glitnir
Sjóður 9
15,1% ávöxtun*

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
15,0% ávöxtun*

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,1% ávöxtun*



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA - 9071315

*75 ára* | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. október 2006 til 31. október 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

# Elvis á toppnum

## Rokkkóngurinn Elvis Presley halar inn tekjur þrátt fyrir að vera horfinn yfir móðuna miklu.

Allt stefnir í að rokkkóngurinn Elvis Presley verði tekjuhæsti einstaklingurinn í hópi látinna frægra stjarna á árinu en áætlaðar tekjur hans síðastliðna tólf mánuði nema litlum 49 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 2,9 milljarða íslenskra króna, samkvæmt nýlegri úttekt bandaríska fjármálatímaritsins Forbes.

Hvað sem sumir segja andaðist Presley árið 1977. Arfur hans lifir hins vegar góðu lífi líkt og sést á svo til stanslausri sölu á DVD-mynddiskum, tónlistardiskum og stefgjöldum sem renna til dánarbúsins. Þá skila gestir sem koma í pílagrímsför að heimili hans í Graceland í Memphis góðum tekjum.

Bítillinn John Lennon er í öðru sæti á eftir Presley, en hann hefur aflað 44 milljóna dala, jafnvirði 2,6 milljarða króna, handan móðunnar miklu síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt Forbes.

**AUÐUGUSTU LÁTNU STJÖRNURNAR**

Elvis Presley hefur tekið krúnuna á ný sem tekjuhæsti einstaklingurinn í hópi látinna frægra einstaklinga í Bandaríkjunum, samkvæmt nýlegri úttekt Forbes. Hann sat síðast á toppnum árið 2005 en missti krúnuna á síðasta ári.



**Áætlaðar tekjur síðastliðna tólf mánuði**

| | |
|---|---|
| Elvis Presly | 2,9 ma kr |
| John Lennon | 2,6 ma kr. |
| Charles M. Schulz (Smáfólkið) | 2,0 ma kr. |
| George Harrison | 1,3 ma kr. |
| Albert Einstein | 1,0 ma kr. |
| Andy Warhol | 884 m. kr |
| Theodore Geisel (Dr. Seuss) | 766 m. kr. |
| Tupac Shakur | 530 m. kr. |
| Marilyn Monroe | 412 m. kr. |
| Steve McQueen | 353 m. kr. |

*Heimild: Forbes.com*

# Kínverjar eru stærsta fiskiþjóðin

## Glitnir sér mikla möguleika í kínverskum eldisfiski sem þykir ljúffmeti.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Kína er hágæðamarkaður fyrir allan skelfisk,“ segir Hafliði Sævarsson, sérfræðingur Glitnis í Sjanghæ í Kína. Bankinn sendi nýverið frá sér skýrslu um stöðu sjávarútvegs þar í landi og sér mikla möguleika í framleiðslu á svokölluðum beitarfiski og rækju, sem auðvelt er að stunda þar í landi með góðum ábata.

Í skýrslu bankans kemur fram að Kínverjar framleiði mest af fiski í heiminum í dag. Þá neyti hver einasti Kínverji um 26 kílóa af fiski á ári hverju, að mati Glitnis, sem reiknast til að neyslan aukist um eitt kíló að meðaltali á ári næsta áratuginn. Þetta er engu að síður helmingi minna en sérhver Íslendingur neytir á ári hverju, að sögn Hafliða. Kínverjar telja hins vegar 1,3 milljarða sálna, sem þýðir að þetta er mesta fiskneysluþjóð í heimi.

Kínverjar eru sömuleiðis umsvifamesta útflutningsþjóðin á fiskmeti í heimi. Ekki er lengur hægt að sinna markaðnum með hefðbundnum fiskveiðum og vegur því fiskeldi þungt að sögn Hafliða, sem bendir á að langstærstur hluti af fiskiframleiðslu Kínverja, eða um 70 prósent, sé tilkominn frá fiskeldi, ekki síst í suðurhluta Kína.

„Það er ekki lengur innistæða til að auka framleiðni úr hafi og því hafa Kínverjar í auknum mæli snúið sér að fiskeldi. Þar hafa verið miklar framfarir og framleiðslan á bara eftir að aukast,“ bendir Hafliði á og bætir við að miklir möguleikar felist í kínverskri fiskframleiðslu, svo sem með framleiðslu á beitarfiski, rækju og skelfiski, sem þyki mikill herramannsmatur. „Með auknum hagvexti í Kína hefur fiskneysla aukist. Þar er innistæða fyrir miklu meira enda fiskmeti dýrt hér líkt og annars staðar en hagur Kínverja er að batna verulega á sama tíma,“ segir Hafliði sem var staddur í kínversku borginni Davian, nýstaðinn upp frá kvöldverði þar sem fiskur var á borðum. „Þetta þykir herramannsmatur en er rándýr,“ segir hann og bendir á Abalone, sem er af skelfiskaætt, því til sönnunar.

„Svo er þetta í kínversku þjóðarsálinni, held ég. En Kínverjum þykir eldisfiskur miklu betri en sjófiskur. Þetta er alveg öfugt á við okkur,“ segir Hafliði.



**ÚR FISKELDISSTÖÐ** Hafliði Sævarsson, sérfræðingur Glitnis í Sjanghæ, segir Kínverjum líka betur eldisfiskur en sjófiskur og því felist miklir möguleikar í fiskeldi þar í landi.

Kröfufjármögnun

Skilvirk leið til að fjármagna vöxt fyrirtækisins

Viðskiptakröfur eru stærsta eign margra fyrirtækja. Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningurinn er margþættur. Auðveldara er að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu. Með bættu fjárstreymi er m.a. hægt að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.

**Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191**

www.landsbanki.is

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 39730 11/07



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Hagnaður Heritable Bank, dótturbanka LÍ, jókst um sextíu prósent á fyrstu níu mánuðum ársins þrátt fyrir óróleika á fjármálamörkuðum.

# Eignasafnið stækkaði um 136 milljarða

Hagnaður breska bankans Heritable Bank, sem Landsbankinn keypti árið 2000, jókst um 60 prósent á milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins.

Eignasafn bankans nam 1,11 milljörðum punda, jafnvirði 136,4 milljarða íslenskra króna, í enda tímabilsins, sem er 41 prósents aukning frá sama tíma í fyrra. Svipaður vöxtur var á innlánsreikningum, sem námu 900 milljónum punda í enda september.

Mark Sismey-Durrant, forstjóri Heritable, segir í samtali við vefritið MoneyMarketing að afkoman á tímabilinu hafi verið einkar ánægjuleg, ekki síst sterk eigna- og innlánastaða sem hafi varið bankann fyrir taugatitringi á fjármálamörkuðum upp á síðkastið. „Við erum vel í stakk búin til að takast á við ný tækifæri sem nú hafa orðið til,“ segir hann. - jab

www.exton.is

# „Augnablik! Siggi stökk fram að ná í tölvuhátalarana sína."

Við erum sérfræðingarnir í hljóð- og myndlausnum.
Láttu okkur sjá um fundarherbergið.

EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND



**EXTON** | Fiskislóð 10, 101 Reykjavík | S: 575 4600 | exton@exton.is

# Íslensk list aldrei meira metin

**Velta á íslenskum uppboðum er þegar orðin töluvert meiri en allt árið í fyrra og nemur hún 146 milljónum. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* komst að raun um að tvö uppboð eru eftir hjá íslenskum galleríum fyrir jól. Því mun enn bætast við veltu ársins.**

Íslenski listaverkamarkaðurinn hefur velt hærri upphæðum það sem af er ári en allt árið í fyrra. Nemur veltan á uppboðum fram að þessu rúmum 146 milljónum íslenskra króna, samanborið við 112 milljónir allt árið í fyrra. Þetta sýnir íslenska listaverkavísitalan sem fyrirtækið Hansen og synir ehf. heldur utan um. Tímabilið sem notað er til útreikninga vísitölunnar er frá 1985, þegar vísitalan var sett á gildið 100. Gildi hennar í dag er 333 og hefur hún því hækkað um 233 prósent frá þeim tíma. Hækkun hennar það sem af er ári nemur 93 prósentum. Tvö uppboð til viðbótar eru á döfinni fyrir jól; hjá Gallerí Fold og Arnason & Andonov. Því mun enn bætast við veltuna.

Hansen og synir er í eigu Jóhanns Ágústs Hansen, listaverkasala í Gallerí Fold. Vísitalan er unnin upp úr gagnagrunni sem settur var saman á Bifröst sumarið 2006. Var það misserisverkefni fimm viðskiptafræðinemenda, þeirra á meðal Jóhanns, að skrá öll verk sem hafa verið boðin upp á almennum uppboðum á Íslandi frá 1956 til nútímans. Þetta voru rúmlega fimmtán þúsund listaverk eftir yfir þúsund íslenska höfunda. Síðan hefur Jóhann haldið utan um vísitöluna og uppfært gagnagrunninn. Verk sem seljast manna á milli, í galleríum og erlendis eru ekki tekin inn í vísitöluna.

### TALSVERÐAR SVEIFLUR Í VERÐI

Lítil fylgni hefur verið milli listaverkavísitölunnar og neysluverðsvísitölunnar sem Hagstofan heldur utan um og mælir breytingar á almennu verðlagi. „Mun meiri sveiflur hafa verið í listaverkavísitölunni,“ segir Jóhann en bætir við að vísbendingar séu þó um að listaverkasalan fylgi almennum efnahag að einhverju leyti. „Þegar árar betur kaupir fólk listaverk og dregur úr því þegar harðnar í ári. En það er ekki beint samhengi milli vísitalnanna tveggja.“

Frá árinu 2005 hefur meðalverð seldra listaverka á uppboðum rokið upp. Í fyrra var meðalverð verka seldra á uppboðum 178.911 krónur. Það sem af er þessu ári er meðalverðið 345.361 krónur. Verkum í sölu fjölgaði líka töluvert í fyrra. „Með hækkandi verði koma fleiri verk í sölu, það helst dálítið í hendur. Umfangið á listaverkamarkaðnum hefur því aukist bæði í fjölda verka og krónutölu.“

### MIKILL GANGUR ERLENDIS

Verð á íslenskum verkum seldum á uppboðum erlendis hefur einnig hækkað verulega á þessu ári. Verk hafa selst fyrir upphæðir sem aldrei hafa sést áður. Olíuverkið Hvítasunnudagur eftir Kjarval var slegið á rúmar fimmtán milljónir króna á uppboði hjá Bruun Rasmussen í Danmörku í upphafi þessa árs. Kaupandi þess verks var íslenskur fjárfestir. Til Íslands komið, eftir greiðslu allra gjalda í Danmörku og virðisaukaskatts, kostar verkið kaupandann nær 25 milljónir króna. Langdýrasta íslenska verkið sem selst hefur eftir íslenskan listamann frá upphafi er hins vegar Fivefold Eye Ólafs Elíassonar. Verkið, sem er skúlptúr úr stáli, fór á sem nemur áttatíu milljónum íslenskra króna fyrr í þessum mánuði.

Jóhann segir langalgengast að þau íslensku verk sem best seljast á erlendum uppboðum fari til Íslendinga. Undantekningin sé verk þeirra Ólafs Elíassonar og Errós. „Lítið hefur selst eftir Ólaf sem hefur verið flutt hingað. Einhverjir Íslendingar hafa þó verið að kaupa ljósmyndaseríur hans og ódýrari myndir. Aftur á móti kemur afskaplega lítið af verkum eftir Erró hingað til lands. Þau sem hingað hafa komið í gegnum galleríin hafa heldur ekki selst á mjög háu verði. Það virðist vera tregða með hans verk hér. Á sama tíma hafa þau verið seld á mjög háu verði erlendis.“

### ÍSLAND ELTIR ERLENDA VERÐÞRÓUN

Ellefu verk sem selst hafa á íslenskum uppboðum í ár komast á topp tuttugu listann yfir dýrustu verkin frá upphafi. Þar eru verk eftir Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason, Þórarin B. Þorláksson, Jón Stefánsson, Kjarval, Kristján Davíðsson, Gunnlaug Blöndal og Nínu Tryggvadóttur. Lítið framboð hefur verið erlendis á verkum eftir þá listamenn sem selst hafa hvað dýrustu verði hér á landi. Verk eftir þá Svavar Guðnason og Kjarval eru þó undantekning á þeirri reglu. Á þessu ári hefur á sjöunda tug verka eftir Svavar selst á erlendri grundu. „Ein ástæðan fyrir þessari miklu hreyfingu á verkum eftir Svavar nú er að stór safnari í Danmörku, sem átti mikið af verkum eftir hann, hefur verið að losa um safnið sitt. Þá hefur Svavar verið vinsæll hjá ákveðnum efnameiri einstaklingum hérna heima, sem hefur ýtt undir framboðið.“

Verðþróun á mörkuðum erlendis virðist að mörgu leyti stjórna verðmyndun hér á landi. „Verkin hér togast upp þegar þau hækka erlendis. Strax í kjölfarið á því að íslensk verk hafa selst dýru verði í útlöndum hefur verð verka rokið upp hérna. Og ekki endilega bara verk eftir sama listamann heldur einnig aðra. Strax eftir söluna á Hvítasunnudegi Kjarvals seldist til að mynda verk eftir Ásgrím á 8,9 milljónir hér heima. Það er hæsta verð sem fengist hefur fyrir íslenskt verk á uppboði hér.“



**JÓHANN ÁGÚST HANSEN LISTAVERKASALI** Verðþróun á mörkuðum erlendis virðist að mörgu leyti stjórna verðmyndun hér á landi að sögn Jóhanns. Eftir því sem hærra verð fæst fyrir íslensk verk í útlöndum eru kaupendur listaverka tilbúnir að borga meira hér heima.



**DÝRASTA ÍSLENSKA VERKIÐ** Verk Ólafs Elíassonar, Fivefold Eye, seldist á rúmar áttatíu milljónir íslenskra króna í október á uppboði hjá Christie's í London.

## Listaverk hækkuðu í lausafjárkreppunni

Meðalverð verka seldra á uppboðum á alþjóðavísu hefur tvöfaldast á fimm árum. Þetta sýnir ný skýrsla um samtímalistamarkaðinn sem greiningarfyrirtækið Artprice gefur út. Skýrsluhöfundar óttast ekki að lækkanir fylgi í kjölfar mikilla hækkana á undanförnum árum. Þeir segja markaðinn hafa þroskast. Áður hafi verðmyndun verið óskýr og að miklu leyti byggð á væntingum fárra. Margir fjárfestar hafi brennt sig í kringum árið 1990 þegar markaðurinn fór í gegnum krepputímabil. Nú hafi safnarar greiðari aðgang að upplýsingum en nokkru sinni fyrr. Þannig geti þeir auðveldlega tekið upplýstar ákvarðanir um kaup. Þá hafi list fest sig í sessi sem fjárfestingarkostur. Hún hafi reynst fjárfestum betur en margar aðrar fjárfestingar á undanförnum árum. Til að mynda hafi listaverk haldið áfram að hækka í verði eftir 11. september, þegar velflestar hlutabréfavísitölur voru á niðurleið.

Viðbrögð listamarkaðarins við lausafjárkreppunni á alþjóðamörkuðum ýta undir þá skoðun að list sé tryggur fjárfestingarkostur. Hún hefur enn sem komið er engin áhrif haft á alþjóðlegan listamarkað. Þykir ólíklegt að áhrifin verði mikil, ef einhver. Þetta kemur fram í fjármáladagblaðinu Financial News Sumir sérfræðingar telja að það taki allt að átján mánuði fyrir áhrifin að setja mark sitt á listamarkaðinn. Aðrir segja að almennt séð skuldsetji kaupendur listaverka sig ekki í sama mæli og aðrir fjárfestar. Þar af leiðandi verði þeir ekki fyrir eins miklum áhrifum af lausafjárþurrð.

Flestir eru sammála um að verð á verkum þekktra og virtra listamanna muni halda áfram að hækka. Haft er eftir Philip Hoffman, framkvæmdastjóra listasjóðs Citigroup, að ekki sé búist við neinum lækkunum á listaverkum. „Nóg er af nýjum listasöfnum og fleiri montkrónur í umferð en nokkru sinni fyrr. Ef þú átt tíu milljóna dollara hús og keyrir um á Ferrari muntu alltaf vilja hafa Warhol-verk hangandi í stofunni. Það er vandræðalegt að taka verk niður af veggnum þegar það er einu sinni komið þangað upp. Til langs tíma litið eru listaverk skotheldar fjárfestingar.“

**HÆSTA VERÐ ÍSLENSKRA LISTAVERKA Á UPPBOÐUM Á ÍSLANDI 2007**

| Listamaður | Heiti verks | Verð* |
|---|---|---|
| Ásgrímur Jónsson | Af Rangárvöllum – Þríhyrningur | 8,9 |
| Þorvaldur Skúlason | Stúlkur með bolta | 6,5 |
| Þórarinn B. Þorláksson | Snæfellsjökull frá Rauðasandi | 4,9 |

** söluverð í milljónum króna*

**HÆSTA VERÐ ÍSLENSKRA LISTAVERKA Á UPPBOÐUM Í ÚTLÖNDUM 2007**

| Listamaður | Heiti verks | Verð* |
|---|---|---|
| Ólafur Elíasson | Fivefold Eye | 80,2 |
| Ólafur Elíasson | The Fault Series | 17,5 |
| Jóhannes S. Kjarval | Hvítasunnudagur | 15,3 |

** söluverð í milljónum króna*



**TILVONANDI LISTMENNTASKÓLI** Myndlistaskólinn í Reykjavík og Listdansskóli Íslands eru meðal þeirra listaskóla sem munu líklega renna inn í nýjan listmenntaskóla í húsnæði HR í Ofanleiti.

## Listir og viðskipti kennd saman

Nútímalistamenn sem best vegnar í heiminum í dag eiga það sameiginlegt að hafa sjálfir næmt viðskiptanef. Þetta er fullyrt í skýrslu Artprice sem fjallað er um hér á síðunni. Þennan eiginleika á að rækta með nemendum listmenntaskólans sem fyrirhugað er að hefji göngu sína árið 2010.

Rík áhersla verður lögð á sölu- og markaðsfræði í listmenntaskólanum. „Það getur verið svo mikil gagnvirkni milli lista og viðskipta,“ segir Sölvi Sveinsson. Hann hefur unnið að stofnun skólans ásamt Elfu Hrönn Guðmundsdóttur rekstrarhagfræðingi. Þau starfa á vegum Viðskiptaráðs Íslands í samvinnu við skólanefnd Verzlunarskóla Íslands. „Listamenn þurfa að læra sölu- og markaðsfræði til að koma list sinni á framfæri. Og viðskiptafólkið hefur gagn af því að þjálfa sig í skapandi hugsun og lúta þeim aga sem listin innrætir því.“

Í skólanum verður tónlistardeild, myndlistar- og hönnunardeild og sviðslistadeild. Þvert á listadeildirnar verður bóknámsdeild. Nemendur munu geta lokið stúdentsprófi samfara listnáminu á þremur árum. Myndlistaskólinn í Reykjavík og Listdansskóli Íslands eru meðal nokkurra skóla sem rætt hefur verið við um að renna inn í listmenntaskólann.

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum

MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Mentis Borgartúni 29 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

# Komdu þér á kortið!



**Nýr og spennandi fjárfestingarkostur!**
**Hringdu í verðbréfaráðgjafa okkar í síma**
**444 7000**

## Kaupthing Scandinavian Fund

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

Kaupthing Scandinavian Fund er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skráðum hlutabréfum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Sjóðurinn býður fjárfestum ný tækifæri með innsýn fagaðila sem búa yfir sérfræðiþekkingu á þessum markaðssvæðum. Sjóðnum er stýrt af Eignastýringu Kaupþings sem starfar í níu löndum.

Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000. Upplýsingar um sjóðinn má einnig nálgast á www.kaupthing.is.

ENNEMM / SIA / NM30415

Kaupthing Scandinavian Fund er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem hægt er að fá á sjóðasíðu Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir. Fjárfesting í verðbréfasjóðum er áhættusöm. Ávöxtun í fortíð tryggir ekki ávöxtun í framtíð.

# Stýrivextir virka ekk

**Davíð Oddsson Seðlabankastjóri segir að stýrivaxtahækkunin fyrir helgi hefði ekki átt að koma á óvart. Bankinn hafi orðið að bregðast við versnandi aðstæðum. Stýrivextir bankans séu deigt vopn, en þeir bíti á endanum. Þannig sé það alls staðar. Gagnrýni á bankann nú sé sprottin af því að vextirnir séu byrjaðir að bíta. *Ingimar Karl Helgason* ræddi við Davíð um gagnrýni á stjórn peningamála.**

Út af fyrir sig er hún að hluta til rétt,“ segir Davíð Oddsson Seðlabankastjóri. „Við lítum þó ekki á hana sem gagnrýni, heldur sem staðreynd í peningalegu umhverfi sem við búum í. Við getum ekki annað en hagað okkur innan þessa umhverfis. Við gerum ekki kröfu um að neinu sé breytt, það er ekki í okkar verkahring. En við bendum á að þetta eru út af fyrir sig sömu lögmálin sem menn búa við alls staðar í heiminum um þessar mundir. Eina spurningin er sú hvort slíkt hefur meiri þýðingu hér, af því að landið er lítið og myntin smá. Því vegi áhrif annarra þátta ef til vill meira en annars staðar. Þetta hefur auðvitað ekkert verið rannsakað en við teljum að til lengri tíma litið gildi lögmálin í meginatriðum hér eins og annars staðar og stýrivaxtatækið virki. Við höfum aldrei sagt að það virki eins og skot. Það gerir það hvergi. En við sjáum að það virkar hér.“

**„Það væri ekki trúverðugt fyrir bankann að segja enn einu sinni að ef þetta héldi áfram að versna þá myndum við bregðast við. Þá hefði markaðurinn sagt: „Þetta er það sem þeir segja alltaf karlarnir og þetta er ekkert marktækt.“ Því urðum við að fylgja orðum okkar eftir. Við áttum engan annan kost. Ég er reyndar hissa á því að markaðurinn hafi ekki byggt þetta inn hjá sér, því nú höfðu horfurnar versnað enn og menn gátu gert ráð fyrir því að bankinn stæði við orð sín.“**

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans, um 0,45 prósentustig fyrir helgi, kom markaðsaðilum töluvert á óvart. Bankinn hafði ekki hækkað vexti um nokkurt skeið, þótt hann hafi ítrekað sagt við ákvörðun vaxta að þeir kynnu að hækka, teldi bankinn ástæðu til þess. Stýrivextirnir eru nú 13,75 prósent og tólf mánaða verðbólga 4,5 prósent.

### ÁTTI EKKI AÐ KOMA Á ÓVART

Davíð segir að fyrst vextir hækkuðu nú geti menn sagt við sjálfa sig að sennilega hefði átt að hækka vextina fyrr. „Þá vildum við sjá hvort þessi stefna okkar, að hafa vextina í þeim hæðum sem þeir voru komnir í, myndi ekki að lokum bíta. Síðan hefur verðbólgan aukist og raunvaxtastigið þar með lækkað, auk þess sem eftirspurn hefur reynst meiri en vænst var.“ Tilkynnt var um óbreytta stýrivexti í september og þar áður í júlí. Davíð bendir á að þá hafi bankinn sagst myndu bregðast við ef horfur versnuðu. „Það væri ekki trúverðugt fyrir bankann að segja enn einu sinni að ef þetta héldi áfram að versna þá myndum við bregðast við. Þá hefði markaðurinn sagt: „Þetta er það sem þeir segja alltaf karlarnir og þetta er ekkert marktækt.“ Því urðum við að fylgja orðum okkar eftir. Við áttum engan annan kost. Ég er reyndar hissa á því að markaðurinn hafi ekki byggt þetta inn hjá sér, því nú höfðu horfurnar versnað enn og menn gátu gert ráð fyrir því að bankinn stæði við orð sín.“

**ÞRÓUN VAXTA OG VERÐBÓLGU Á ÁRUNUM 2001-2007**




### DEIGT VOPN SEM BÍTUR AÐ LOKUM

„Ég held að stýrivextir, ekki bara okkar heldur almennt, séu deigt vopn að því leyti til að breytingar á þeim taka tíma að síast inn. Auðvitað getur maður séð að sálfræðileg áhrif af þessu vopni geta verið mikil,“ segir Davíð og vísar til dæmis til nýlegrar 0,50 prósenta vaxtalækkunar í Bandaríkjunum. „Þá hækkaði markaðurinn mjög hratt. Þessi breyting var ekki farin að hafa nein efnisleg áhrif. Þetta voru sálfræðileg áhrif sem þarna voru. Markaðurinn taldi að bandaríski seðlabankinn sýndi með þessu að hann ætlaði að hafa markaðslegar þarfir fyrir augum, jafnvel fremur en verðbólgusjónarmið, að minnsta kosti til skemmri tíma, og öll bréf hækkuðu.“ Davíð segir að lítil hækkun á stýrivöxtum í hverju skrefi sem almennt sé tíðkuð sýni að ekki sé fyrir fram hægt að gefa sér með nákvæmni hvaða vaxtastig þurfi til að vaxtavopnið bíti. Til að mynda hafi bandarísku stýrivextirnir hækkað í mjög mörgum smáum skrefum þegar bandaríski seðlabankinn tókst á við horfur á vaxandi verðbólgu. Á öllum stigum streymi inn tölur og upplýsingar og þess vegna sé vöxtum sjaldan breytt um meira en 25 til 50 punkta í einu. „Vegna þess að þeir eru að fikra sig áfram. Hvað þarf þetta að fara hátt til þess að ná þeim árangri sem við þurfum? Greenspan og bandaríski seðlabankinn hækkuðu ekki allt í einu stökki heldur í smáum skrefum, nánast reglubundið, í langan tíma, þar til þetta fór að bíta en það tók langan tíma. Áhrifin geta tekið langan tíma að koma fram í lengri tíma vöxtum. Þess vegna er það ekki rétt sem til að mynda minn ágæti vinur Vilhjálmur Egilsson hefur sagt um að erlendis hafi ákvarðanir seðlabanka strax áhrif á langtímavexti.“

Davíð segir að það sé ekki hollt í frjálsu og opnu hagkerfi að stofnun geti haft alræðisvald í ákveðnum málum og vísar til gengisfellinga fortíðarinnar. „Ég er ekkert viss um það að það sé hollt fyrir efnahagslífið að Seðlabanki hafi of sterkt vopn hvað þetta varðar. Vopnið er deigt en það bítur að lokum.“

### BITNAR Á ÖLLUM SEM TAKA LÁN

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur verið hvað fremstur í flokki í gagnrýni á peningamálastefnu Seðlabankans, meðal annars þannig að hún snerti ekki nema lítinn hluta markaðarins vegna þess að mikið af fjárskuldbindingum hér sé verðtryggt eða í erlendri mynt. Davíð Oddsson segir engan vafa í huga Seðlabankans að stýrivextirnir virki og margir taki undir með honum. „Til dæmis hinar sjálfstæðu stofnanir sem koma hingað og rannsaka hlutina. Hvort sem það er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD eða matsfyrirtækin. Þessar efasemdir um að tæki Seðlabankans virki ekki á endanum eru ekki fyrir hendi þar. Það er aðallega hér innanlands sem menn efast. Við teljum að til lengri tíma litið náum við árangri.“ Auðvitað sé sumt öðruvísi hér en annars staðar, segir Davíð. „Hér er til að mynda mikið af verðtryggðum skuldbindingum, ekki bara verðtryggðum, heldur eru flestar skuldbindingarnar óbreytanlegar, það er að segja bera fasta vexti. Til dæmis í Bretlandi koma vaxtabreytingar Englandsbanka fram í vöxtum á þegar veittum húsnæðislánunum í síðasta lagi eftir mánuð, þannig að menn finna þetta strax á sínu skinni. Það gerist miklu seinna hér.“ Davíð segir að reyndar hafi margar breytingar orðið strax við vaxtahækkunina á dögunum „kannski af því að hún kom markaðnum á óvart“. Gengið hafi styrkst sama dag og ávöxtun á markaði hafi breyst mjög hratt bæði á skemmri tíma og lengri tíma skuldbindingum. „Þannig að þetta streymir inn í veruleikann.“ Markaðurinn eigi önnur úrræði en þau sem ákvarðanir Seðlabankans hafi áhrif á en það eigi menn líka annars staðar. „Menn geta farið til Sviss ef vextir hækka á evrusvæðinu. Í stórum dráttum gera menn það ekki. Menn eru á sínum markaði þannig að ákvarðanir þessa banka eins og annarra hafa áhrif.“

Davíð segir að gagnrýni á peningamálastefnuna eigi sér skýringar: „Við höldum reyndar að sú gagnrýni sem við verðum fyrir núna, sem er mjög holl og góð, eigi að hluta til rót í því að þetta er byrjað að virka. Ef þetta virkaði ekki neitt, þá myndu menn láta sér í léttu rúmi liggja hvað við erum að gera.“ Menn segi að háir vextir bitni á þeim sem síst skyldi. „Þetta bitnar fyrr eða síðar á öllum þeim sem taka lán. Við sjáum að vextir bankanna á verðtryggðum útlánum hafa auðvitað hækkað jafnt og þétt og meira að segja Íbúðalánasjóður kemst ekki hjá því að gera slíkar breytingar.“

### OF HÁIR VEXTIR Í OF LANGAN TÍMA

Verðbólgan hefur verið yfir markmiði Seðlabankans frá því í maí árið 2004 og stýrivextir bankans hafa verið í tveggja stafa tölu í meira en ár. „Já, þetta er of langur tími,“ segir Davíð, „og ég held að það sé réttmæt gagnrýni líka. Mjög háir vextir til mjög langs tíma eru ekki mjög hollir fyrir efnahagslífið, þannig að það er auðvitað betra að svona virki fyrr og hraðar.“ Þá megi ef til vill spyrja, segir Davíð, hvort bankinn hafi farið of seint og of hægt af stað með því að fara eftir tölum um hagvöxt sem þá lágu fyrir. „Þá er ég ekki að gagnrýna bankann áður en ég kom hér, heldur eingöngu að vera vitur eftir á. Krafturinn í efnahagslífinu var kominn fyrr og var meiri en opinberar tölur gáfu til kynna. Hefðu vextirnir hækkað fyrr og í stærri skrefum þá værum við sjálfsagt komin niður úr því vaxtaumhverfi sem við erum í nú, svo maður sé vitur eftir á.“ Hið sama megi segja um aðra þætti í efnahagsstjórninni. Meira aðhalds hefði verið þörf.

### ALLIR RÉTTIR Á MATSEÐLINUM ÉTNIR Í EINU

Davíð segir að ef aðrir þættir spiluðu með peningastefnunni þyrfti ekki að leggja eins mikinn þunga á hana og raunin er með háum vöxtum. Seðlabankinn telji það hins vegar ekki í sínum verkahring að dæma aðra eða segja þeim fyrir verkum. „Menn vilja gjarnan að Seðlabankinn geri það en það fer ekki vel á því. Hann getur haft skoðun á því hvað gera mætti betur. En ef það gerist ekki í umhverfinu þá er verið að leggja meira á peningamálastjórnina. Ef aðrir leggja ekki í púkkið þá verður þungi verkefnisins meiri. Þetta segjum við og ég held að það sé ekki hægt að deila um þetta.“

Í Peningamálum Seðlabankans eru nefndir þrír þættir sem hafi stuðlað að því að árangur af peningastefnunni hafi ekki verið viðunandi. Í fyrsta lagi eru nefndar stórframkvæmdir, umbylting fjármálakerfisins og veruleg ar skattalækkanir, en einnig lágir alþjóðlegir vextir og hnökrar á miðlun peningastefnunnar. Davíð segir um hið fyrst nefnda að einnig megi nefna sérstaklega breytingar á húsnæðiskerfinu auk lækkunar á bindiskyldu bankanna. „Ég held að öll þessi atriði í sjálfu sér, því maður verður að horfa á heildarmyndina, séu mjög jákvæð fyrir Ísland.“ Hins vegar megi gagnrýna að þetta hafi allt komið í einu. Enginn vafi sé á því að það hafi gert miklar kröfur til hagstjórnarinnar. „Þetta er bara eins og mjög fínn matur, en það er ekki þar með sagt að menn eigi að borða allan matseðilinn í einu þótt hann sé glæsilegur. Maður gæti valið einn rétt, en ef maður velur fimm og étur þá alla í einu, þá getur manni orðið bumbult. Þetta er kannski það sem nákvæmlega hefur gerst. Þetta gerðist meira eða minna allt í einu.“

Davíð segir að margir hafi tekið þátt í þessum ákvörðunum, ekki aðeins ríkisstjórnin. „En ég bar vitaskuld mikla ábyrgð á henni, þótt ég væri ekki einráður þar. En þeir voru fleiri sem tóku ákvarðanir. Til dæmis fóru bankarnir á fleygiferð inn í húsnæðismálin með gríðarlegu framboði á lánsfé. Þeir ákváðu líka að nota sér stöðuna á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Þeir voru djarfir, en líka heppnir.“ Davíð segir að lækkun bindiskyldunnar á sínum tíma hafi verið eðlileg og löngu ákveðinn áfangi því bankarnir hafi verið komnir í erlent samkeppnisumhverfi og hærri

# i eins og skot



**SKÝTUR FÖSTUM SKOTUM** „Í landhelgisstríðunum forðum tíð var púðurskotum hleypt af fyrst, áður en kúlur voru settar í gömlu byssuhólkana,“ sagði Davíð Oddsson á fundi Viðskiptaráðs í gær. Markaðurinn/GVA

bindiskylda hér hefði skert samkeppnisstöðu þeirra.

**„KALKÚLERAÐ RISK“**

Einnig hefur verið gagnrýnt að vaxtastigið sé útflutningsgreinunum erfitt vegna gengis krónunnar. Davíð segir að þegar stóriðjuframkvæmdir voru ákveðnar á sínum tíma hafi verið líkindi til þess að við mikla innspýtingu og fjárfestingu færi gengið upp með tilheyrandi afleiðingum fyrir útflutningsgreinar meðan á þeim stæði. „En það hjálpaði flestum þessara aðila að afurðaverð hækkaði upp úr öllu valdi. Bæði álverð og verð á sjávarafurðum fór upp, þannig að það hjálpaði töluvert.“ Um ruðningsáhrif af stórframkvæmdunum fyrir austan segir Davíð að menn hafi vitað að þetta myndi gerast. „Þetta var kalkúlerað risk eins og menn segja. Við litum á efnahagsstærðirnar og mátum það svo að efnahagslífið myndi þola þetta. Auðvitað myndi reyna á, en þetta væri eftirsóknarvert vegna þess að eftir stæðu tekjuskapandi þættir, ekki aðeins í bráð heldur í lengd.“

Þetta hafi hins vegar allt saman gerst í einu. „Og þá virðist það nú vera næstum því kraftaverk að verðbólgan skyldi ekki hafa risið hærra en átta prósent og sé núna að dingla á milli 3,5 til 5,5 prósent eftir því hvernig menn horfa á hana. Að menn segi að við þessar aðstæður hafi Seðlabankatilþrifin ekki virkað, það finnst mér alveg fáránlegt. Því það er ekki vafi í mínum huga að ef Seðlabankinn hefði ekki staðið svona fast á sínu, þó með ákveðnum erfiðleikum, hefði þessi mikla sprengja inn í efnahagslífið keyrt allt upp í hærri verðbólgu.“ Atvinnustigið hafi verið gríðarlega hátt og menn hafi lengi trúað því að svona atvinnustig hefði frekari verðbólgu í för með sér. Í rauninni væri atvinnuleysi hér mínustala sem hafi verið mætt með innflutningi á starfsfólki. „Þrátt fyrir alla þessa þætti, er verðbólgan lág. Það er góður árangur í sögulegu samhengi, en þó ekki miðað við þau verkefni sem okkur eru falin.“ Slakari peningastefna nú myndi aðeins leiða til verðbólgu með tilheyrandi afleiðingum fyrir efnahag fyrirtækja og heimila. Það er sérstaklega brýnt hagsmunamál allra sem skulda verðtryggð lán að slaka ekki á aðhaldinu og að ná varanlegum tökum á verðbólgu.

## STÝRIVEXTIRNIR Í HEIMILISBÓKHALDINU

**Vaxtagreiðslur á ári vegna nýrra lána**

Stýrivextir Seðlabankans voru 8,25 prósent í desember 2004 en eru nú 13,75 prósent. Hagdeild Alþýðusambands Íslands tók saman fyrir markaðinn vaxtabyrði ímyndaðs heimilis sem stofnar til ýmissa skuldbindinga, annars vegar í desember 2004 þegar bankarnir voru nýbyrjaðir að lána til íbúðakaupa og svo nú. Heimilisfólkið kaupir sér 25 milljón króna íbúð á hvorum tíma um sig. Þá hafa ímyndaðir heimilismenn keypt sér jafn dýran bíl með þessu þriggja ára millibili og nýta 250 þúsund króna yfirdráttarheimild. Ekki er tekið tillit til verðbólgu í þessum útreikningum.

| Desember 2004 | Húsnæði | Yfirdráttur | Bíll (erlent lán) | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Upphæð | 25.000.000 | 250.000 | 750.000 | |
| Vextir | 4,15% | 16,45% | 8,5% | |
| Gengi | | | 115 | |
| **Vaxtagjöld á ári** | **1.037.500** | **41.250** | **63.750** | **1.142.375** |
| **Nóvember 2007** | **Húsnæði** | **Yfirdráttur** | **Bíll (erlent lán)** | **Samtals** |
| Upphæð | 25.000.000 | 250.000 | 750.000 | |
| Vextir | 6,40% | 23,95% | 8,5% | |
| Gengi | | | 114 | |
| **Vaxtagjöld á ári** | **1.600.000** | **59.875** | **63.196** | **1.723.071** |
| **Mismunur á árlegum vaxtagjöldum** | | | | **580.696** |

## *Gáleysisleg umræða um evru*

„Þessi umræða hefur verið fyrirferðarmikil. Maður hefur reyndar ekki séð að breytingar í þessa átt hjálpi þessum fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði,“ segir Davíð Oddsson Seðlabankastjóri um að fjármálastofnanir lýsi því yfir að þær ætli að skrá hlutafé sitt í evrum. „Þvert á móti ef maður horfir á það sem gerist í kjölfar slíkra tilkynninga, þá versnar staða þeirra á markaði.“ Eftirágjöfin hjá Kaupþingi hafi til dæmis farið upp í 185 sama dag og stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir. „Þetta er náttúrlega sláandi tala og getur ekki gengið og þarf að lækka.“ Davíð segir erfitt að skýra þetta. Á meðan aðrir viðmiðunarbankar hafi lækkað eða staðið í stað. „Þetta getur ekki gengið því að samkeppnisstaða þeirra skekkist mjög mikið. Tilkynningar um það að um að þeir séu ekki íslenskur banki, heldur nokkurs konar evrópskur banki virðist ekki hafa hjálpað þeim. Ekki hvað þetta varðar og ekki á markaði heldur.“ Sama megi segja um Straum-Burðarás. Þar hafi hlutafé þar nú ekki hækkað í verði „sem átti að gerast. Nú kunna að vera aðrir þættir sem ráða því,“ segir Davíð Oddsson. Hann bætir því við að þetta sé mjög óþægilegt fyrir íslenska hlutabréfakaupendur. Hann undrist að Kauphöllin ræði aldrei við þá, eins og þeir séu ekki til. Skráningu félaganna í íslenskum krónum fylgi vissulega skýringarvandi gagnvart alþjóðlegum mörkuðum. Bankarnir séu ekkert endilega að ýkja þetta. „En hvort þessi óþægindi séu svo mikil að af þeim ástæðum eigi menn að skipta yfir í annan gjaldmiðil heldur en heimagjaldmiðilinn skal ég ekki um segja.“ Davíð vísar til Danmerkur þar sem menn geta skráð hlutabréf í evrum hindrunarlaust, en danska krónan er tengd evrunni. „Þar geta menn gert þetta en um það eru fá dæmi,“ segir Davíð og bendir á að í heimi gjaldmiðlanna sé lítill munur á íslensku og dönsku krónunni. Í augum hins stóra heims sé lítill greinarmunur gerður á smáum myntum.

Davíð bætir því við að menn mættu ræða um launagreiðslur í evrum af meiri varúð. Það sé að hluta til rétt að þannig geti menn varið sig gegn gengissveiflum en það geti allir. „Ég get til dæmis um hver mánaðamót keypt mér evrur fyrir mín laun og geymt afganginn minn í evrum ef ég vil og varið mig fyrir gengisbreytingum.“ Davíð segir freistandi að gengistryggja laun með þessum hætti en hann spyr líka hvort þetta hafi verið rætt við hluthafa bankans. Hugsanlegt sé að gengi krónunnar eigi eftir að lækka um allt að þriðjung. „Er búið að ræða við hluthafana um að hækka laun starfsmanna um þetta, því samkvæmt spánum geta laun þeirra hækkað um tíu, 20, 30 prósent en ekki laun annarra í landinu. Þetta er mikið umhugsunarefni. Mér þykir menn fara voðalega gáleysislega í þessa umræðu. Menn mættu fara að með meiri varúð, en þetta þykir voðalega fínt.“

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Seðlabankinn rökstyður hækkun stýrivaxta:

# *Aukinn trúverðugleiki*

**Björgvin Guðmundsson**

Ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um að hækka stýrivexti í síðustu viku ber þess merki að stjórnendur vilji undirstrika sjálfstæði Seðlabankans. Það er mikilvægt því trúverðugleiki er öflugt vopn bankans til að hafa áhrif á þróun efnahagslífsins. Málið snýst að hluta til um að spila á væntingar fólks um það sem verður, og það þekkja flestir að trúverðugleiki og væntingar fara fyrir lítið sé ekki staðið við það sem sagt er eða ef blekkingum er beitt.

Á fundi Viðskiptaráðs Íslands í gær um vaxtaákvörðun Seðlabankans kom fram að stýrivaxtahækkunin kom öllum á óvart. Mikill þrýstingur hefur verið frá hagsmunasamtökum um að lækka vexti frekar en hækka. Eins hafa stjórnmálamenn sungið bakraddir í þeim söng. Um leið og þeir gagnrýndu stýrivaxtahækkanir Seðlabankans á Alþingi í einu orðinu töluðu þeir fyrir auknum útgjöldum í hinu. Það er eins og alþingismenn átti sig ekki á þeirri ábyrgð sem þeir bera á núverandi ástandi. Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur lýst þessu þannig að gagnrýnendur hafi einblínt á lyfið við sjúkdómnum frekar en að ræða sjúkdóminn sjálfan.

Það var kannski í þessu andrúmslofti sem enginn trúði því að seðlabankastjórarnir stigu það óvinsæla skref að hækka stýrivexti fyrir helgina. Í gegnum tíðina hefur Seðlabankinn nefnilega stjórnast of mikið af pólitískum þrýstingi. Fyrir því voru færð rök að Davíð Oddsson sjálfur hefði stjórnast af pólitískum þrýstingi þegar hann tilkynnti um sína fyrstu stýrivaxtahækkun í byrjun desember 2005. Þá hækkaði bankinn stýrivexti um 0,25 prósentur þegar allir bjuggust við meiri stýrivaxtahækkun.

Davíð Oddsson segir í viðtali við Markaðinn í dag að ef til vill megi spyrja hvort Seðlabankinn hafi farið of seint af stað í þetta ferli. „Hefðu vextirnir hækkað fyrr og í stærri skrefum þá værum við sjálfsagt komin niður úr því vaxtaumhverfi sem við erum nú í, svo maður sé vitur eftir á,“ segir Davíð.

Þetta er í takt við það sem fólk á greiningardeildum viðskiptabankanna hefur haldið fram. Ljóst er að bankinn fór seint af stað og sumarið 2005 var spurt hvort peningamálastefnan hefði farið í sumarfrí. Birgir Ísleifur Gunnarsson sagði á sínum síðasta vaxtaákvörðunardegi, 29. september 2005, að peningastefnan þyrfti að standast prófraun og að verðbólgan mætti ekki víkja nema skamma hríð umtalsvert frá verðbólgumarkmiði. „Að öðrum kosti er hætt við að trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar bíði skaða sem erfitt getur reynst að endurheimta.“

Síðan þá hefur Seðlabankinn átt í fullu fangi með að viðhalda trúverðugleikanum.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, sagði á fundi Viðskiptaráðs í gær að hann væri sammála stýrivaxtahækkuninni. Seðlabankinn hefði ekki efni á að tapa baráttunni við verðbólguna. Annaðhvort væri að standa fast í ístöðunum nú eða íslenskt myntsvæði væri í hættu.

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Glitnis, sagði að hingað til hefði verið munur á greiningu bankans á efnahagsástandinu og ákvörðun um stýrivexti. Ef nýjasta ákvörðunin væri vísbending um að samræmi yrði þarna á milli í framtíðinni væri það skref í rétta átt.

Ásgeir Jónsson benti á að miðað við vaxtaþróun á markaðnum tryði fólk því í fyrsta skipti að Seðlabankinn yrði harðari í að halda stýrivöxtum háum en bankinn sjálfur.

Það tók tíma fyrir Davíð Oddsson að fóta sig í stóli borgarstjóra. Það tók tíma fyrir hann að fóta sig í stóli forsætisráðherra. Öllum er þó ljóst að hann setti mark sitt á þessi embætti.

Eins má segja að það hafi tekið tíma fyrir Davíð Oddsson að fóta sig sem formaður bankastjórnar Seðlabankans. Með síðustu ákvörðun bankastjórnar um hækkun stýrivaxta má segja að trúverðugleikinn muni spila stærra hlutverk í baráttu Seðlabankans við væntingar og verðbólgu. Og fleirum er ljóst að persóna Davíðs Oddssonar skiptir máli í þeirri viðureign.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ikh@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is




# Fjármálafyrirtækin og hagsmunir neytenda

ORÐ Í BELG



**Guðjón Rúnarsson**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

Mikilvægt er fyrir alla að umræða um neytendamál sé einföld og skýr. Hún er stundum flókin, ekki síst þegar framboð á vöru og þjónustu er fjölbreytt og margþætt. Það er mikið í húfi fyrir viðskiptavini fjármálafyrirtækja, hvort sem þeir fá lán eða ávaxta fé sitt, að þeir séu nægjanlega vel upplýstir til að geta valið hagkvæmasta kostinn. Dæmi um ruglandi umræðu er sú sem hefur farið fram um vaxtamun. Sennilega vefst það fyrir ýmsum hvað átt er raunverulega við og ekki eru frásagnir fjölmiðla alltaf upplýsandi.

Eitt meginmarkmið Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er að stuðla að upplýstri umræðu um íslenskt fjármálaumhverfi. Í því skyni stóðu samtökin fyrir fundi á mánudaginn undir yfirskriftinni „Hvað er vaxtamunur?“ Þá hafa samtökin í samstarfi við ASÍ fengið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera samanburð á kjörum viðskiptamanna norrænna banka. Í fyrsta áfanga er ætlunin að bera saman þjónustugjöld banka og sparisjóða á Norðurlöndunum og í framhaldi af því að skoða bæði uppgreiðslugjöld og vexti.

Á dögunum ákvað Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra að fara í stefnumörkun á sviði neytendamála. Fagna ber þessu frumkvæði ráðherra og einnig ásetningi hans um að efla Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið. Öflugt og skilvirkt Fjármálaeftirlit er lykillinn að traustu umhverfi fjármálafyrirtækja og eitt af því sem erlendir greiningaraðilar spyrja fyrst um þegar þeir kynna sér íslensk fjármálafyrirtæki.

**MIFID, RÉTTARVERND NEYTENDA**

Á Evrópuvettvangi fá neytendamál sífellt meira vægi, enda er þetta mikilvægur málaflokkur.

Nýjar reglur um verðbréfaviðskipti, sem byggjast á svokallaðri MiFID-tilskipun, tóku gildi hér á landi í liðinni viku. Reglurnar fela í sér stóraukna neytendavernd í viðskiptum með verðbréf en verðbréfaeign er mjög almenn víða í Evrópu, ekki síst hér á landi. MiFID-regluverkið er flókið og umfangsmikið og því gáfu SFF í síðasta mánuði út upplýsingabækling fyrir viðskiptamenn fjármálafyrirtækja þar sem nýju reglurnar eru útskýrðar í stuttu máli.

Þótt neytendavernd sé mikilvæg er nauðsynlegt að eðlilegt jafnvægi skapist milli hennar og skilvirks starfsumhverfis sem hvetur fyrirtækin til að þróa þjónustuframboð sitt og keppa um viðskiptamenn. Ef ójafnvægi skapast á kostnað þess síðarnefnda snýst neytendaverndin upp í andstæðu sína.

**LÆKKUN VAXTA – UPPGREIÐSLUGJALD**

Vextir á Íslandi eru háir, allt of háir. Hagsmunir fjármálafyrirtækja og almennings í landinu eru þeir sömu þegar kemur að lækkun vaxta. Seðlabankinn stýrir skútu vaxtaákvarðana og ákveður vaxtahækkun á vaxtahækkun ofan til að stemma stigu við þenslu. En það er sama hversu hart í bak bankinn siglir, skútan eykur bara hraðann enda verður fjárfesting erlendra aðila í krónunni sífellt meira aðlaðandi eftir því sem vaxtabilið milli Íslands og umheimsins breikkar. Erlent fjármagn streymir því inn í hagkerfið í risaskömmtum og svokölluð jöklabréf renna út eins og heitar lummur. Seðlabankanum er nokkur vorkunn þar sem opinberir aðilar hafa síður en svo verið að sporna gegn þenslu, eins og sjá má af vexti opinberra útgjalda og því hvernig Íbúðalánasjóður hefur unnið gegn peningamálastefnu bankans.

Til framtíðar litið er mikilvægt að grípa til aðgerða til að gera vaxtamarkaðinn á Íslandi skilvirkari, sem aftur mun hjálpa til við að ná vöxtum niður þegar fram í sækir. Ríkið getur þar spilað stórt hlutverk með því að ráðast í reglulegar útgáfur á stórum skuldabréfaflokkum. Þannig yrði byggður upp skilvirkur vaxtamarkaður með lægri grunnvöxtum en nú þekkjast. Það mun skila sér á borð neytenda.

Eitt af því sem hefur verið til skoðunar undanfarið er uppgreiðslugjald á lánum. Það kann að virðast ósanngjarnt við fyrstu sýn, en banki verður að standa skil á afborgunum gagnvart sínum lánveitendum alveg eins og neytendur gagnvart bankanum. Banki sem greiðir upp fjármögnunarlán sitt fyrir gjalddaga verður sjálfur að greiða uppgreiðslugjald, ef honum er á annað borð heimilt að greiða lánið upp. Ein af meginreglum kröfuréttar er sú að óheimilt er að greiða upp lán áður en að gjalddaga kemur nema um annað sé samið í upphafi lánstíma, enda æði erfitt fyrir fjármálafyrirtæki að gera áætlanir fram í tímann ef ekki liggur fyrir hvenær lán verður greitt upp. Dæmi: banki hefur tekið lán á 5% föstum vöxtum til fimmtán ára og lánar út á 5,75% vöxtum til sama tíma. Eftir tvö ár lækka vextir á markaði og sá sem fékk lán hjá bankanum vill greiða lánið upp því hann getur fengið annað hagstæðara lán á 4,5% vöxtum. Bankinn situr þá uppi með sína skuldbindingu um 5% vaxtagreiðslu í þrettán ár til viðbótar. Heimild beggja, þ.e. viðskiptavinarins og bankans, til að greiða upp sín lán gegn gagnsæu fyrirfram ákveðnu uppgreiðslugjaldi leysir þennan vanda. Enda sýnir úttekt sem samtökin gerðu meðal bankasamtaka í Evrópu að uppgreiðslugjald er alþekkt á EES-svæðinu.

**KRÓNAN KOSTAR**

Mikil umræða hefur verið undanfarna mánuði um stöðu og framtíð íslensku krónunnar. Ljóst er að íslenskur almenningur, fyrirtæki og athafnalíf verða fyrir verulegum kostnaði vegna sveiflna á gengi hennar. Enn liggur ekki fyrir með skýrum hætti hver ávinningurinn er af því fyrir íslenskt efnahagslíf og íslenska þjóð að halda úti einni minnstu sjálfstæðu mynteiningu í veröldinni.

Tvö íslensk fjármálafyrirtæki hafa nú sótt um að skrá hlutafé sitt og gera upp reikninga sína í evrum. Það er eðlileg þróun hjá fyrirtækjum sem komin eru með meirihluta umsvifa sinna í þeirri mynt. Stærstu fjármálafyrirtæki landsins eru að komast að endimörkum þess hvað þau geta stækkað mikið með stuðningi innlendra aðila. Þau þurfa því erlenda hluthafa til frekari sóknar. Það er hins vegar ekki raunhæft meðan hlutafé þeirra er skráð í mynt sem erlendir aðilar þekkja lítið og fylgjast ekki með. Þessi þróun er ekki aðeins nauðsynleg fyrir íslenska aðila, hún felur jafnframt í sér tækifæri gagnvart erlendum aðilum sem hefðu áhuga á að sækja inn á íslenskan verðbréfamarkað.

SFF munu fylgjast náið með umræðunni um íslensku krónuna. Samtökin telja sig hafa hlutverki að gegna við að upplýsa almenning um landslag hagsmuna og verðmæta. Víst er að hagsmunir fjármálafyrirtækja og neytenda fara saman í því að koma í veg fyrir sóun og að gjaldeyrismál Íslendinga verði til lykta leitt með hagsmuni fyrirtækja og almennings að leiðarljósi.

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Stjórnvöldum að kenna*

**Guardian** | Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka, sagði í samtali við breska dagblaðið Guardian í gær að hægt hefði verið að koma í veg fyrir uppþotið sem varð í kringum breska bankann Northern Rock síðustu vikur en það hefur haft slæmar afleiðingar, bæði fyrir stjórnendur bankans og bankann sjálfan. Fyrir lá yfirtökutilboð í bankann frá fjármálafyrirtækinu Lloyds. King ráðlagði Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, að styðja það og koma þannig bankanum til bjargar. Ráðherrann neitaði því hins vegar á þeim forsendum að Lloyds hefði farið fram á of háar tryggingar frá hendi hins opinbera í kjölfar lausafjárkreppunnar. Því fór sem fór og leitaði bankinn því eftir neyðarláni til Englandsbanka, að sögn King.

### *Vara við frekari þrengingum*

**Reuters** | Núverandi og fyrrverandi seðlabankastjórar bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa keppst við síðustu daga að vara við frekari þrengingum á bandarískum undirmálslánamarkaði og áhrifum þess á efnahagslífið. Þeir telja líkur á að áhrif af vanskilum á fasteignamarkaði eigi enn eftir að koma fram og geti það tekið fjármálamarkaðinn langan tíma að jafna sig eftir skellinn. Fréttastofa Reuters hefur til dæmis eftir þeim Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna, og fjárfestinum George Soros að afleiðingarnar muni skila sér án nokkurs vafa í samdrætti. Í sama streng tekur Mervyn King, seðlabankastjóri Englandsbanka. „Það getur tekið bankana nokkra mánuði að klóra sig út úr heildartapinu og fjármagna sig að nýju,“ segir hann.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

SKOÐUN

# Góðar stelpur semja ekki

Fyrir nokkrum áratugum voru mismunandi launataxtar fyrir konur og karla. Nú er ekki lengur samið um kynbundinn launamun. Engu að síður sýna nýjar athuganir, t.a.m. launakönnun Félags viðskipta- og hagfræðinga og launakönnun Félags lyfjafræðinga, að kynbundinn launamunur er hreint ekki á undanhaldi – þvert á móti. Kynbundinn launamunur verður ekki til í samningum hagsmunasamtaka heldur í einstaklingsbundnum samningum starfsmanna og yfirmanna. Ástæðurnar fyrir því að konur fá minni laun en karlar liggja í viðhorfum, ákvörðunum stjórnenda og í samningatækni kvenna. Hluti af lausninni – alls ekki öll lausnin – er að breyta samningahegðun kvenna sem semja um laun og ábyrgð.

**MEÐ VINDINN Í FANGIÐ**

Það væri rangt að varpa allri ábyrgðinni á launamun kynjanna á samningahegðun kvenna, þar sem m.a. ný rannsókn Margrétar Jónsdóttur, Hólmfríðar Vilhjálmsdóttur og Þorláks Karlssonar í HR sýnir að bæði konur og karlar bjóða konum lægri laun og ráðleggja þeim að þiggja lægri laun en karlar. Konur eru því með vindinn í fangið þegar þær semja um laun og ábyrgð. Hins vegar er einnig rangt að taka ábyrgðina frá konunum – því rannsóknir sýna að konur eru sjálfum sér verstar þegar kemur að því að semja um laun og sýna samningahegðun sem er ekki líkleg til árangurs.

**ENGINN MUNUR, NEMA...**

Konur eru hreint ekki verri samningamenn en karlar. Ítrekaðar og vandaðar athuganir sýna að konur og karlar ná sama árangri í samningaviðræðum og því hefur það ekkert forspárgildi um niðurstöðu að vita hvort samningsaðilinn er kvenkyns eða karlkyns, nema... ....þegar kemur að einstaklingsbundnum launaviðræðum. Í launaviðræðunum breyta konur (ekki allar – en mjög margar) um samningahegðun og biðja ekki um það sem þær vilja eða sækjast eftir heldur það sem þær geta fengið. Karlar eru margfalt líklegri til að semja um það sem þeir vilja meðan konur eru líklegri til að bíða eftir að vera boðin launahækkun, ábyrgð, áberandi verkefni og mannaforráð.

**SITJANDI KRÁKA...**

Rannsókn við Carnegie Mellon háskóla í Bandaríkjunum sýnir að meðal þeirra sem útskrifuðust með meistarapróf frá skólanum fengu 7,6% lægri byrjunarlaun en karlar með sömu menntun. Meginástæða var sú að 93% kvennanna samþykktu fyrsta tilboð frá atvinnurekanda meðan 57% karlanna höfnuðu fyrsta tilboði og fóru fram á meiri peninga. Þeir sem báðu um meira (7% kvenna og 57% karla) fengu að jafnaði 7,3% hærri laun en þeir sem ekki báðu um meira – sem er nánast sama fjárhæð og mismunurinn á milli þeirra launa sem konurnar og karlarnir náðu fram.

**HVAÐ ER TIL RÁÐA?**

Í fyrsta lagi þarf að halda áfram að berjast gegn þrálátum viðhorfum sem vinna gegn konum. Í annan stað þurfa stjórnendur að verðlauna árangur en ekki áreiti og ekki gera ráð fyrir að sá sem sækist eftir launahækkun eða verkefni sé sá eða sú sem hefur mesta hæfileika eða helst unnið til þess. Í þriðja lagi þurfa konur að þjálfa árangursríka samningahegðun í launaviðtali: Semja oftar og betur, ekki samþykkja fyrsta tilboð, hafa valmöguleika, styðjast við hlutlæg viðmið – og njóta þess að semja um framgang!



Aðalsteinn Leifsson lektor við Háskólann í Reykjavík og kennari í samningatækni.

SPÁKAUPMAÐURINN

# Bráðum koma jólin

Jólin eru að koma. Ekki bara í Ikea heldur styttist heldur betur í þau hjá mér sömuleiðis enda er ég byrjaður að dusta rykið af jólakortalistanum frá í fyrra. Nokkrir verða um kyrrt á listanum í ár, einhverjir strokast út en aðrir bætast í hópinn.

Ég get satt að segja ekki gert það upp við mig hvort þeir Actavisbræður, Björgólfur Thor og Wessman, fái kort í ár. Fyrirtækið er náttúrlega horfið úr Kauphöllinni. En gallinn er sá að þetta var hreinasta gullnáma fyrir menn eins og mig sem sáu virðið í kóperíngabransanum og komu snemma inn í hluthafahópinn. Aldrei að vita nema ég droppi þeim stutta línu með kandísmola í litlum pakka.

En nokkrir eru garantí á listanum í ár, svo sem Wilhelm Pettersen. Ég viðurkenni fúslega að ég hafði hæfilega litla trú á Færeyingunum þegar þeir skráðu félagið í Kauphöllina í fyrrasumar og keypti þessvegna passlegan hlut. Hann hefur skilað sér vel til baka, ekki síst eftir skrensinn í ágúst en þá nýtti ég tækifærið eins og fleiri sem höfðu trú á sínum mönnum og bætti við mig.

Ástæðan fyrir því að sparisjóðsstjórinn í SPRON fær kort er vitaskuld einstök kurteisi við nýtt fyrirtæki í Kauphöllinni – og svo það að félagið steig hratt upp eftir fallvalt upphaf.

Annars fá forstjórar íslensku bankanna yfirleitt jólakort frá mér hvert einasta ár. Þeir hafa líka skilað sínu ágætlega ólíkt erlendum kollegum þeirra upp á síðkastið. Ég þekki reyndar lítið til Lárusar í Glitni, enda hef ég aldrei séð honum bregða fyrir – hvorki í gimminu né annars staðar, nema á mynd. Þeir Sigurjón og Halldór eru traustir og hafa staðið vel frammi á íslenska Títanikinu. Kaupþingsmönnum sendi ég líklega konfektkassa. Bæði hafa þeir vaxið og dafnað í Evrópu og aldrei að vita nema þeir sprengi algjörlega af sér íslensku böndin og hverfi algjörlega af landi brott á næstu misserum. Svo eru það bréfin í bankanum, sem hafa skilað sínu, gera enn og munu gera næstu ár. Ég býst við miklu frá Kaupþingi, líkt og Landsbankanum á nýju ári. Gangi allt eftir verð ég ríkari fyrir slikk.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





Kortaþjónustan á fimm ára afmæli

# Til hamingju söluaðilar!

– FIMM ÁR AF ALVÖRU SAMKEPPNI Í KORTAUPPGJÖRUM Á ÍSLANDI

**Eftir að Kortaþjónustan hóf starfsemi 7. nóvember árið 2002 hafa hámarksgjöld fyrir dagleg uppgjör á kreditkortafærslum lækkað úr 6% í 2,6%.**

**Það hafa því allir söluaðilar á Íslandi hagnast af innkomu okkar á markaðinn – ekki bara viðskiptavinir Kortaþjónustunnar (þótt þeir hafi reyndar hagnast mest…).**

**Þróun á hámarksþóknunum fyrir dagleg uppgjör á kreditkortafærslum á Íslandi**




Samkeppnin hefur leitt til þess að dagleg uppgjör á kreditkortafærslum, sem áður voru dýr lúxus, þykja nú sjálfsögð og kjörin sem söluaðilum bjóðast hafa batnað verulega.

Á töflunni sést þróun á hámarksþóknunum fyrir dagleg uppgjör á kreditkortafærslum á Íslandi. Tölurnar frá til 2002 sýna hlutfallið sem söluaðilar þurftu að greiða til að fá kreditkortasölu sína greidda strax. Eftir að Kortaþjónustan og PBS tóku til starfa á Íslandi hafa þóknanirnar snarlækkað. **Enn eru hámarksþóknanir fyrir dagleg uppgjör á kreditkortafærslum þó lægstar hjá Kortaþjónustunni og PBS, 2,60%, og engin aukagjöld.**

**Sífellt fleiri átta sig á því að bestu kjörin fást hjá Kortaþjónustunni og PBS**

– ERT ÞÚ NOKKUÐ ENN AÐ BORGA OF MIKIÐ?

**Hringdu í 55 88 000 og kynntu þér hvernig við getum hjálpað þér að lækka rekstrarkostnaðinn.**

PBS International A/S

KORTA ÞJÓNUSTAN

www.korta.is

PBS International er Visa og MasterCard í Danmörku og er samstarfsaðili Kortaþjónustunnar.

# Útrásin eykur álagið


JÓNAS FR. JÓNSSON FORSTJÓRI FME

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins (FME) erlendis hefur stóraukist á innan við tveimur árum samfara útrás íslenskra fjármálafyrirtækja. Fjármálafyrirtækin starfa nú í tuttugu og einu landi en fyrir aðeins tveimur árum voru löndin tólf. Starfsemin fer ýmist fram í útibúum, dótturfélögum eða á umboðsskrifstofum. FME fylgist með þessari starfsemi.

„Þegar íslenskt fjármálafyrirtæki stofnar útibú erlendis, hvílir eftirlitsskyldan á heimalandi fyrirtækisins en þegar um er að ræða dótturfélög eða umboðsskrifstofu, fylgist FME með í gegnum erlendar eftirlitsstofnanir,“ segir Már Másson hjá FME. Hann segir að þetta auki töluvert á álagið hjá FME. Því sé mætt með fleiri starfsmönnum og aukinni skilvirkni. „Útibúavæðingin er það sem mestu breytir í okkar starfi,“ segir Már og bætir því við að að jafnaði sé gert ráð fyrir einum tíunda úr stöðugildi fyrir hvert íslenskt útibú sem opnað er erlendis hvort heldur í EES-ríki eða utan. „Við gerum sérstaka samstarfssamninga við eftirlitsstofnanir í ríkjum utan EES, líkt og í Kína, þar sem Glitnir hefur hafið starfsemi. Í þessum samningum er meðal annars kveðið á um að stofnanir deili upplýsingum.“ Már segir að FME stefni að því að fjölga stöðugildum um yfir tíu fyrir lok næsta árs, meðal annars vegna útrásarinnar. Auknar fjárheimildir til FME fóðri það. Þá berist FME árlega um fjögur þúsund skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum. Verið sé að þróa rafrænt kerfi til að vinna úr þeim, en í því felist meðal annars sjálfvirk vöktun sem geri FME kleift að greina frávik um leið og upplýsingarnar berast. „Það eykur skilvirknina umtalsvert,“ segir Már Másson. - ikh

**FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Í ÚTLÖNDUM**

| | Árslok 2005 | Okt. 2007 |
|---|---|---|
| Dótturfélög | 21 | 31 |
| Útibú | 4 | 21 |
| Umboðsskrifstofur | 1 | 4 |
| Fjöldi starfseininga alls | 26 | 56 |




# Peningastefna Seðlabanka tekin að bíta

## Greiningardeildir bankanna hafa endurskoðað hagspár sínar í ljósi stýrivaxtahækkunar fyrir helgi. Kaupþing spáir enn meiri hækkun, en hinir seinni lækkunum.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans upp á 45 prósentustig kom greiningardeildum bankanna á óvart. Þær hafa nú endurskoðað hagspár sínar í ljósi breyttra aðstæðna. Kaupþing telur von á meiri hækkun vaxta á aukavaxtaákvörðunardegi Seðlabankans 20. desember næstkomandi. En greiningardeildir Glitnis og Landsbankans telja vexti ekki munu hækka meira, þótt Glitnir telji ekki hægt að útiloka frekari hækkun. Allir segja bankarnir ljóst að stýrivextir verði hærri næstu misseri en spáð hefur verið.

Kaupþing segir kjarasamninga og nýja stóriðju verða til þess að Seðlabankinn hækki stýrivexti um 50 punkta til viðbótar í desember. „Þannig mun bankinn leggja síðbúna 95 refsipunkta á efnahagslífið í þessari stuttu vaxtahækkunarlotu,“ segir í spá bankans. Vísað er til þess að „gífurlegur“ þrýstingur sé á launahækkanir meðal almennra félagsmanna í verkalýðsfélögum. „Afkoma ríkisins er betri en áður var talið sem eykur svigrúm þess til aðgerða sem liðka til fyrir samningum en skapa um leið þenslu. Aukinheldur er líklegt að brátt verði tilkynnt um frekari stóriðjuframkvæmdir sem mun færa verðbólguspár Seðlabankans til verri vegar,“ segir í spánni.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segist telja að á næsta ári skapist tiltölulega hratt forsendur fyrir vaxtalækkun. „Við spáum lækkandi verði á fasteignamarkaði á næsta ári,“ segir hann og kveður stýrivaxtahækkun Seðlabankans nú ýta undir þá þróun og flýta því ferli sem Landsbankinn hafi spáð á fasteignamarkaði, enda óhagstæðara að taka lán en áður. „Að þessu leytinu er peningastefnan farin að virka og þar með teljum við að svigrúmið til að gefa aðeins eftir sé til staðar. En þetta breytir því hins vegar ekki að við horfum á meiri kraft í hagkerfinu en Seðlabankinn reiknar með. Það gerir að verkum að við förum í okkar spá ekki jafnlangt, eða hratt, niður og þeir gera í sinni spá.“


Á FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS UM STÝRIVEXTI Í GÆR Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, er í forgrunni en svo koma forstöðumenn greiningardeilda, Ásgeir Jónsson hjá Kaupþingi, Ingólfur Bender hjá Glitni og Björn Rúnar Guðmundsson hjá Landsbankanum. MARKAÐURINN/ANTON

Greiningardeildirnar segja hærri stýrivexti ýta undir hærra gengi krónunnar til skemmri tíma, en á móti komi þar viðvarandi órói á erlendum fjármálamörkuðum. Í spá Glitnis er þannig talið að krónan gefi ekki eftir fyrr en um miðbik næsta árs og að í lok næsta árs verði gengisvísitalan í 122 stigum, evra í 91 krónu og Bandaríkjadalur í 64 krónum. „Við gerum svo ráð fyrir hægfara styrkingu krónu á árinu 2009. Þar munu togast á lækkandi vextir, þótt við teljum að þeir verði enn fremur háir, og svo hins vegar að næsta hagvaxtarskeið verður skammt undan, og þar með væntingar um að vextir taki að hækka að nýju í upphafi næsta áratugar.“

# Sparisjóðirnir ná aftur fyrsta sætinu

Ánægja viðskiptavina íslenska bankakerfisins hefur aukist frá því í fyrra. Þetta sýna niðurstöður íslensku ánægjuvogarinnar á bankamarkaði sem birtar voru á mánudag. Þetta er í fyrsta sinn frá því mælingar á ánægjuvoginni hófust árið 1999 sem ánægjan eykst milli ára. Hún mælist nú 72,6 stig og er hærri en síðustu tvö ár.

Sparisjóðurinn, sem er samheiti yfir alla sparisjóði landsins nema SPRON og Byr, endurheimti fyrsta sætið. Því hafði hann haldið milli árana 1999 og 2005, þar til SPRON fór fram úr honum í fyrra. Ánægja viðskiptavina BYRS sparisjóðs var í fyrsta sinn mæld sjálfstætt. Óánægðastir eru sem fyrr viðskiptavinir Kaupþings, þrátt fyrir að bankinn hafi bætt við sig þremur stigum frá síðustu mælingu.



Mælingar ánægjuvogarinnar byggja á símaviðtölum við 250 viðskiptavini hvers banka og sparisjóðs sem valdir eru af handahófi. Þær endurspegla því ánægju almennings en ekki fyrirtækja eða stofnana. - hhs

**ÁNÆGJUVOG BANKA OG SPARISJÓÐA**

| | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BYR | | | | | | | | | 73,0 |
| Glitnir | 76,1 | 73,5 | 73,8 | 74,0 | 74,3 | 73,4 | 71,7 | 70,5 | 72,8 |
| Kaupþing | 77,6 | 74,8 | 72,6 | 72,9 | 73,1 | 74,3 | 68,6 | 65,8 | 68,9 |
| Landsbankinn | 73,4 | 72,0 | 73,5 | 70,8 | 72,7 | 71,4 | 71,4 | 71,4 | 72,6 |
| Sparisjóðurinn | 79,8 | 77,0 | 76,4 | 75,4 | 76,5 | 78,3 | 74,8 | 73,7 | 78,1 |
| SPRON | | | | | 76,5 | 73,1 | 74,1 | 75,1 | 74,2 |
| Heild | 76,7 | 74,2 | 74,1 | 73,5 | 74,2 | 74,1 | 71,6 | 70,5 | 72,6 |

*Capacent Gallup sér um mælingar á íslensku ánægjuvoginni. Samtök iðnaðarins og Stjórnvísi eru auk þess aðilar að ánægjuvoginni.*



# Þú færð vextina greidda í...

janúar febrúar mars apríl
maí júní júlí ágúst september
október nóvember desember

Með **Vaxtareikningi** færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

**Vaxtareikningur** er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

**Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.**

Landsbankinn

GOTT FÓLK

## DAGUR Í LÍFI ...

*Tryggva Þórs Herbertssonar, forstjóra Askar Capital*

*Tryggvi Þór Herbertsson er forstjóri Askar Capital, sem hóf störf um síðustu áramót. Bankinn hefur verið á fleygiferð frá fyrsta degi en hann er nú með skrifstofur í nokkrum löndum Austur- og Vestur-Evrópu og í Asíu. Þá er Askar Capital nú með viðamikið byggingaverkefni í undirbúningi á Indlandi, svo fátt eitt sé nefnt.*

**7.00** Vakna. Fæ mér morgunmat og les öll blöðin. Fer í sturtu og kem mér af stað úr húsi upp úr kortér yfir átta.

**8.15** Sest við tölvuna á skrifstofunni og fer yfir tölvupósta sem borist hafa frá Ameríku og Asíu yfir nóttina.

**9.00-10.00** Settist niður með Boga Nils Bogasyni, fjármálastjóra, og Benedikt Árnasyni, aðstoðarforstjóra, og ræddum málin. Bogi var búinn að vera í Bandaríkjunum í nokkra daga og var að fara seinnipartinn til Indlands þannig að það þurfti að klára ýmis mál.

**10.00-10.45** Maður frá einum af íslensku bönkunum kom á fund til mín og ræddi um þau tækfæri sem við gætum farið út í saman.

**11.00-12.00** Fundaði með einum af framkvæmdastjórum Askar Capital.

**12.00-12.45** Skrifa og svara tölvupósti en fór eftir það niður í Fylgifiska og fékk mér hádegismat. Staðurinn er eiginlega eins og mötuneytið hjá okkur í Askar. Fór eftir það í klippingu.

**14.00-18.00** Ýmsir innanhússfundir, skrifaði minnispunkta og sinnti fleiri tölvupóstum og símtölum.

**18.00** Fór heim, sem var óvenjusnemmt. Ástæðan var sú að iðnaðarmaður var heima hjá mér sem ég þurfti að ná tali af áður en hann færi. Annars fer ég yfirleitt úr vinnunni um klukkan sjö.

**19.00** Kvöldmatur með fjölskyldunni og kíkti aðeins á fréttir.

**20.30-22.30** Að kvöldverði loknum taka við símtöl til þeirra staða í heiminum þar sem vinnudagur stendur enn. Talaði við starfsmann minn á Indlandi í hálftíma og tók nokkur styttri símtöl til viðbótar. Eftir það kíkti ég yfir tölvupóstinn áður en ég fór í rúmið en það geri ég yfirleitt í kringum ellefu. Oftast fer ég svo til útlanda á þriðjudagseftirmiðdegi og kem aftur á fimmtudegi en geri það ekki í þessari viku. Ég er vanur löngum vinnudögum síðan á fyrstu árunum í háskólanum. Þá var ég stundum að vinna þetta fjórtán tíma á dag. En maður verður að fara snemma í rúmið, annars slokknar á manni um miðjan dag.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON, FORSTJÓRI ASKAR CAPITAL** Tryggvi vinnur langan vinnudag sem lýkur iðulega um klukkan hálf ellefu á kvöldin. Hann segir nauðsynlegt að fara snemma í rúmið til að hafa orku fyrir langar tarnir. MARKAÐURINN/PJETUR

## FRÍSTUNDIN

# Hvíld frá amstri fjármálaheimsins

Frá blautu barnsbeini hefur Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Saga Capital Fjárfestingarbanka, verið viðloðandi vélhjól. Sem krakki lék hún sér á vélsleðum og fjórhjólum og hún var ekki lengi að fá sér mótorhjólapróf um leið og hún hafði aldur til. Í fyrrasumar prófaði hún motocross í fyrsta sinn og féll kylliflöt. „Motocrossið er mjög líkamlega krefjandi íþrótt. Ef maður er ekki í góðu formi þegar maður byrjar er maður fljótur að komast í það. Svo er þetta alveg óheyrilega gaman og ögrandi. Hvíldin frá amstri fjármálaheimsins og útrásin eru algjör. Þetta er mikil frelsun!“

Helga Hlín líkir hverju skipti við þá tilfinningu sem flestir muna eftir, að læra að hjóla á reiðhjóli. „Hvert skipti í motocrossinu er persónulegur sigur sem helst má líkja við að læra að hjóla. Maður er alltaf að sigrast á einhverju nýju. Það finnst mér alveg nauðsynlegt, annars verða hlutirnir fljótt leiðinlegir.“

Öll fjölskyldan deilir áhuga Helgu Hlínar á motocrossinu. Fjögur hjól sitja í bílskúrnum sem tilheyra Helgu Hlín, manni hennar, Unnari Sveini Helgasyni og eldri dóttur þeirra sem er fimmtán ára. Sú yngri, sem er ekki nema tveggja ára, hefur óbilandi áhuga á bleikum hjólum. Hún hefur ekki áhyggjur af áhuga dætranna. „Eldri dóttir mín hefur slasað sig oftar í handboltanum en ég í motocrossinu. Þessu fylgir mikill agi og bæði krakkar og fullorðnir þurfa því að sýna fyllstu virðingu við allar reglur. Svo er maður vel varinn. Maður losnar hins vegar ekki við lófastóra marbletti og skrámur. Þeir sem hafa ekki fengið marblett eða japlað á smá sandi síðan þeir voru níu ára eiga sjálfsagt lítið erindi í motocrossið.“ **- hhs**



**Á FLUGI** Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Saga Capital og motocross-unnandi. MYND / UNNAR HELGASON



# Punga út milljón fyrir fjármálafötin

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Það væri bókstaflega asnalegt ef margir væru í eins fötum í mötuneytinu,“ segir einn viðmælenda Markaðarins um fataval fólks í fjármálageiranum. Heimildarmaðurinn, líkt og fjölmargir sem Markaðurinn ræddi við, forðaðist að koma fram undir nafni um fataval og fatakaup sín. Nokkrir sögðust eyða hálfri til einni milljón króna í föt og fylgihluti á ári.

Viðmælendur Markaðarins voru sammála um að fólk í þessum geira kappkostaði að komast hjá því að vera í eins fötum og samstarfsmenn þess og leitaði því frekar í verslanir þar sem nokkuð tryggt væri að fá eintök af sömu fötunum væru pöntuð. Þá fara þeir sem þess eiga kost í verslanir erlendis þar sem bankarnir hafa starfsstöðvar. Lönd í Vestur-Evrópu koma sterk inn, ekki síst Bretlandi og Norðurlöndin. Þá fara sumir til New York í sérstakar innkaupaferðir. Aðrir leita til klæðskera og fá á sig sérsniðin föt. Þau kosta eðlilega talsvert meira en önnur og standa rétt við tvö hundruð þúsund krónurnar.

### KARLARNIR

Flestir karlar nefndu verslanir Boss, Herragarðsins og Sævar Karl sem sínar uppáhaldsverslanir. Verð er æði misjafnt en hleypur á allt frá 50 þúsund krónum til 200 þúsunda. Merkjavörur eru þær dýrustu en skraddarasaumuð föt eru eðlilega í hæsta kantinum.

„Ég kaupi aldrei föt á Íslandi,“ segir Óttar Helgason, sérfræðingur hjá Landsbankanum. Helsti verslunarstaður hans er í Lundúnum en þar kaupir hann föt sem honum líst vel á bókstaflega úti um allt. Sérstaklega líst honum vel á verslanirnar Reiss, Richard James og fleiri þar í borg. Óttar segir jakkaföt sem fáist í Lundúnum iðulega ekki fáanleg hér á landi en verðlagning sé svipuð. Þrátt fyrir það segist hann ekki leita eftir öðru í jakkafötum en að þau líti vel út og séu þægileg. „Ef þau gera það er ég sáttur,“ segir hann.

Óttar segir mikilvægt að kaupa flott og góð föt sem endist. Sjálfur geti hann ekki sagt til um hversu mikið af fötum hann kaupi á ári hverju. Heildarupphæðin fyrir föt, skó og það helsta sé hins vegar há: „Það er hellingur, einhvers staðar á milli hálf og ein milljón,“ segir hann.

### KONURNAR

Flestar konur sem Markaðurinn ræddi við nefndu verslanir á borð við Karen Millen og GK á nafn yfir þær verslanir þar sem þær helst stunduðu fatainnkaupin. Þá koma Zara og H&M helst til greina þegar þær kaupa föt erlendis. Einn viðmælandi sagði það sama eiga við um konur og karla að þær ættu sínar eftirlætisverslanir utan landsteinanna sem þær vildu helst ekki deila með öðrum. Ein sagði þó verslanir Massimo Dutti og Reiss í Lundúnum ansi góðar þótt þær væru í dýrari kantinum.

Lára Björnsdóttir, á gjaldeyrisborði Glitnis, tekur í svipaðan streng og Óttar og fleiri sem Markaðurinn ræddi við: „Það eru engar almennilegar verslanir hérna,“ segir hún og leggur þunga áherslu á að markaðurinn hérlendis sé afar slappur. Lára vill sjá verslanir sem sérhæfi sig í fötum fyrir starfsfólk í fjármála- og skrifstofugeiranum en það leiti iðulega eftir ákveðnu klassísku en gjarnan öðruvísi útliti. „Það er svo mikið af kokkteildressum en skortur á praktískum fötum,“ segir Lára og bætir við að afar fáar verslanir sinni konum í þessum geira, að Karen Millen undanskilinni. Þegar svo beri undir geti það leitt til þess að margar konur klæðist svipuðum fötum. „Það er svolítið klúður,“ segir hún.

Í ofanálag telur Lára að verslanir hér á landi þurfi að laga ótal smáatriði, sem skipti máli. „Það þarf ekki mikið til,“ segir hún og bendir á að allt sem þurfi sé góð tónlist í hátalarakerfi verslana og mátunaraðstaða með lási og góðri lýsingu. „Í verslunum þar sem maður borgar hátt verð fyrir föt er grundvallaratriði að hafa góða klefa með hurðum í stað tjalda, með stórum speglum og lýsingu sem ekki skín skært ofan á mann,“ segir hún og bendir á að þegar viðskiptavininum líði vel í verslun séu meiri líkur á að hann kaupi eitthvað. „Menn eiga ekki að eyða tíma og peningum í eitthvert púður þegar þeir geta gert eitthvað meira fyrir kúnnann,“ segir Lára.



**Í FÖTUM FRÁ KAREN MILLEN** Margar konur í fjármálageiranum sögðust fara í verslun Karenar Millen. Þær sögðu búðina þá einu sem sinnti konum í þessum geira og því byði það hættunni heim að margar konur væru í svipuðum fötum. MARKAÐURINN/VALLI




**KARLINN Í FÖTUM FRÁ BOSS** Margir karlar í fjármálageiranum segjast klæðast fötum merktum Hugo Boss. MARKAÐURINN/PJETUR

**KONAN***

| | Krónur |
|---|---|
| Dragt** | 20.000-40.000 |
| Pils | 14.000-15.000 |
| Belti | 8.990-12.990 |
| Skyrta/skyrtubolir | 12.990-16.990 |
| Stígvél | 30.000 |
| Vesti | 13.000-14.000 |
| Töskur | 15.000-29.000 |
| **Samtals** | **113.980/157.980** |

** Karen Millen*
*** Jakki og buxur/pils*

**KARLINN***

| | Krónur |
|---|---|
| Jakkaföt | 50.000-130.000 |
| Skyrta | 9.000-18.000 |
| Bindi | 7.400-7.900 |
| Skór | 24.000-37.000 |
| Belti | 7.000-12.000 |
| Trefill | 10.000-15.000 |
| Frakki | 40.000-90.000 |
| **Samtals** | **147.400/309.900** |

** Herragarðurinn, Hugo Boss, Sævar Karl*

www.bmvalla.is



## Tíminn vinnur með okkur!

Á síðastliðnum 60 árum hefur BM Vallá skapað sér sérstöðu í framleiðslu steinsteypu hér á landi. Mikil þekking og reynsla starfsmanna, stöðug vöruþróun og úrvalshráefni tryggir útkomu sem stenst tímans tönn og ber hugviti og vandvirkni stöðugt vitni.

Við leggjum mikið upp úr góðri þjónustu og úrvalið er nóg:

**Lituð steypa :: Sjálfútleggjandi steypa :: Sjónsteypa :: Hvít steypa :: Hraðútþornandi steypa :: Terrazzo steypa :: Trefjasteypa :: Sprautusteypa :: Hástyrkleikasteypa :: Frostvarnarsteypa :: Hraðþornandi steypa :: o.fl.**

BM Vallá er ISO vottað fyrirtæki sem tryggir viðskiptavinum okkar gæði og þjónustu.
Farið inn á heimasíðu okkar bmvalla.is og fræðist enn frekar um vöruúrval okkar.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

**Nýtt símanúmer 412 5000**
**Ný heimasíða www.bmvalla.is**

BM·VALLÁ

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Fínn Hannes

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, átti góðan sprett sem hann sjálfur í Næturvaktinni á Stöð 2 á sunnudag. Í þættinum úthúðaði samfélagsfirrti bensínstöðvarstjórinn Hannesi og hrósaði sjálfum sér fyrir fimm háskólagráður á móti þeim tveimur sem Hannes hampar. Hannes mætti ásamt Kjartani Gunnarssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, á fund um vaxtamun á mánudag. Greinilegt var að nokkrir viðstaddra fylgdust grannt með Næturvaktinni enda var Hannesi hampað fyrir leiksigurinn. Kjartan hafði á orði að auðvitað hefði Hannes verið góður sem hann sjálfur. Annað hefði jú verið svolítið klúður.



## Framhald í næstu viku

„Guðmundur Magnússon og Stefán Már Stefánsson fjalla um Evrópska myntkerfið og peningamál í annarri grein af þremur um evruna og krónuna. Markmið greinaflokksins er að spyrja um hvort og hver ábati Íslendinga yrði af myntsamstarfi við Evrópusambandið,“ segir í efnisyfirliti nýjasta heftis vikuritsins Vísbendingar.

Efnið er áhugavert en framsetningin ef til vill ekki í takt við það sem kennt er í blaðamennsku þar sem byrjað er á því sem fréttnæmt þykir og nýtt. Í lokin segir nefnilega: „En hver yrði kostnaður og ábati Íslands af myntsamstarfi? Um það er fjallað í þriðja hluta greinarinnar í næsta tölublaði.“

## Augljós pilla?

Seðlabanki Íslands gerði mistök í svari til Þorvaldar Gylfasonar prófessors um vaxtamun bankanna. Þorvaldur fékk gögn um vexti verðtryggðra innlána í stað óverðtryggðra. Fyrir helgi birti bankinn tilkynningu um mistökin, en þar segir að bankinn hafi leiðrétt „þessa augljósu skekkju“ við Þorvald og beðið hann afsökunar. Jafnframt er bent á að vaxtamun banka megi reikna með nokkrum aðferðum. „Ein er sú að reikna mun á vaxtatekjum og vaxtagjöldum banka sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Þessi aðferð er gjarnan notuð við samanburð á vaxtamun milli landa [...] Önnur aðferð er sú sem Þorvaldur Gylfason notar og felst í því að velja inn- og útlánsflokka og bera saman vaxtakjör þeirra,“ segir bankinn og bætir við að sú aðferð sé „talsvert vandasöm“.



**1/2** Helmingur tekna Landsbankans kemur frá útlöndum.

**18** milljarðar króna sem viðskiptabankarnir þrír og Straumur-Burðarás greiða í skatta og önnur opinber gjöld í ár samkvæmt álagningarskrá Skattstjórans í Reykjavík.

**1/4** Hlutur Pálma Haraldssonar fjárfestis í 365. Hann er þar með næststærsti hluthafi félagsins á eftir Baugi sem fer með 26 prósenta hlut.





PIPAR • SÍA • 71848





Fundargestir í einum af glæsilegum fundarsölum Radisson SAS Hótel Sögu láta fara vel um sig og fylgjast með kynningu á stórum flatskjá. Umhverfið er glænýtt, allar innréttingar, húsgögn og tækjabúnaður. Allir fundar- og ráðstefnusalirnir á Radisson SAS Hótel Sögu hafa verið endurnýjaðir frá grunni. Salirnir eru fjölbreyttir og henta fyrir fjölmenna fundi, fámenna fundi, morgunverðarfundi, hádegisverðarfundi, ráðstefnur og aðalfundi. Veitingar eru í boði sem henta tilefninu og tæknimaður er til staðar svo allt gangi snurðulaust fyrir sig.

Það er nýtt andrúmsloft á fundum og ráðstefnum á Radisson SAS Hótel Sögu.

**Radisson SAS Saga Hotel**
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK





SHARP
SHARP XE-A203
· 32 vöruflokkar
· Allt að 1200 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun
· Íslenskur strimill
· Rafrænn innri strimill
· Mjög auðveld í forritun
**Kr. 49.900,-**



SHARP
SHARP XE-A303
· 40 vöruflokkar.
· Allt að 1800 PLU númer.
· Sjálfvirk dagsetning og tími.
· Hitaprentun.
· Íslenskur strimill.
· Mjög auðveld í forritun
**Kr. 54.900,-**

*Þú gengur að gæðunum vísum!*

**SHARP SJÓÐVÉLAR**

Vandaðar sjóðvélar sem reynst hafa Íslendingum vel.

**ORMSSON**



SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | www.ormsson.is

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ
ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# húsbyggjandinn

**MIÐVIKUDAGUR 7. NÓVEMBER 2007**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

**LYSING.IS // 540 1500**

Ö1 - 9479


Mikilúðlegir klettaveggir setja vissulega sterkan svip á stemninguna.


Salurinn á Rúbín býður upp á fjölda notkunarmöguleika og býr til dæmis yfir góðum búnaði til ráðstefnuhalds. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Glæsileg ljósakróna varpar skemmtilegri birtu á klettana .


íslensk náttúra og nútímaleg hönnun kallast á.


Fallegur gangur með skemmtilegri lýsingu liggur frá sal staðarins inn á snyrtingarnar.


Fallegir fjörusteinar prýða veggi á salerni staðarins en þar má einnig finna flatskjái sem er haganlega fyrir komið.

# Íburðarmikill einfaldleiki

**Veitingastaðurinn Rúbín í Öskjuhlíð hefur þegar vakið gríðarlega athygli fyrir sérstaka og fallega hönnun þrátt fyrir að stutt sé síðan hann var opnaður. Rúnar Fjeldsted, framkvæmdastjóri og annar eigenda staðarins segir mikla handavinnu liggja að baki smíðinnar.**

Rúnar segir hugmyndina að staðnum hafa kviknað fyrir um fjórum árum, nokkrum árum eftir að Keiluhöllin var gerð upp en byggingarnar eru sambyggðar. „Það var Guðni Pálsson sem hannaði viðbótina við Keiluhöllina sem gerð var á árunum 1998-1999 og hann hannaði líka staðinn Rúbín,“ segir Rúnar. „Við fórum í gegnum frekar flókið ferli og mikla handavinnu við að tengja staðinn við bergið en það tókst og þetta er niðurstaðan úr því. Það lukkaðist mjög vel að tengja þessa byggingu við þá gömlu, sem Keiluhöllin er í og hvernig við náðum að tengja þakið við bergið,“ bætir hann við en framkvæmdin tók tvö ár. „Sagan á bakvið þetta berg er athyglisverð en staðurinn er byggður í gjótu eftir grjótnámu frá árinu 1914 þegar atvinnulausir verkamenn í atvinnubótavinnu á vegum landsstjórnarinnar unnu við að kljúfa stórgrýti í Öskjuhlíð,“ segir Rúnar og bætir því við að grjótið hafi verið flutt á járnbraut og notað í sjávargarða og undirstöður í Reykjavíkurhöfn.

Spurður hvort hönnun staðarins veki athygli fólks þegar það kemur þar inn, segir Rúnar: „Já, staðurinn vekur mjög mikla athygli og ég hef ekki heyrt annað en að fólk sé mjög hrifið á staðnum og finnist hann mjög áhugaverður.“

Það má segja að Rúbín sé mjög íburðarmikill í einfaldleika sínum og yfirbragð staðarins er stórglæsilegt og notkunarmöguleikarnir teygjanlegir. „Svo er það mikill kostur að við erum með díóðulýsingu, eða RGB-lýsingu, sem felur það í sér að sami lampinn hefur alla litaflóruna án þess að skipta þurfi um perur. Lýsingunni er breytt á stýriborði í hvaða lit sem er eftir því hvað er um að vera á staðnum hverju sinni,“ segir Rúnar en þar má halda ráðstefnur, böll og hina ýmsu viðburði. „Við erum með mikið af flatskjáum og tjöldum á staðnum og það er sérstaklega hugsað fyrir ráðstefnuhlutann,“ segir Rúnar og bendir á að jafnvel séu flatskjáir inni á snyrtingunum svo fólk ætti ekki að þurfa að missa af neinu.

sigridurh@frettabladid.is


Staðurinn er sniðinn að berginu sem er notað sem útveggur á einni hliðinni. Stiginn liggur í boga upp á efri hæðina þar sem salurinn er.

www.pgv.is

# LENGDU SUMARIÐ ...

## SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU



pgv

Bæjarhrauni 6, 220 Hafnafjörður
Ægisbraut 30, 300 Akranes
Sími: 456 2000 • Fax: 564 6081 • www.pgv.is

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar
Ekkert viðhald
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Borgarhús ehf.
Minni-Borg, Grímsnesi
www.borgarhus.is

Stílhrein og vönduð frístundahús sniðin að óskum viðskiptavina



Tökum einnig að okkur alla almenna smíða- og viðhaldsvinnu

☎ 486 4411 - teitur@borgarhus.is





GLUGGAR
Ál/Tré · PVC · Fura · Mahogny · Ál
REK ehf - byggingavörur/byggingalausnir REK
Akralind 6 · 201 Kópavogi · S. 5334000 · jemil@rek.is · www.rek.is




Valgerður Einarsdóttir hönnuður og Linda Svanbergsdóttir markaðsfræðingur.

# Listaverk og mubla á daginn, arinn á kvöldin

**Valgerður Einarsdóttir og Linda Svanbergsdóttir reka stúdíó sem sérhæfir sig í hönnun eldstæða sem eru innblásin af íslenskri náttúru.**

Þær Valgerður Einarsdóttir og Linda Svanbergsdóttir reka saman H og H stúdíó sem sérhæfir sig meðal annars í hönnun eldstæða. Þau eru hönnuð og framleidd á Íslandi og er íslenskt hraun, ryðfrítt stál, gler og viður helsti efniviðurinn. „Eldstæðin eru innblásin af íslenskri náttúru og eru nefnd eftir helstu eldstöðvum landsins og má þar nefna Heklu og Kötlu," segir Valgerður, sem hannar þau. „Sum er hægt að hengja upp en önnur eru standandi og jafnvel innbyggð í sófaborð," bætir hún við.

„Við erum með tilbúna línu en tökum einnig við sérpöntunum fyrir heimili og fyrirtæki og vorum til dæmis að ljúka við að hanna arin fyrir veitingastaðinn Apótekið. Brennsluvökvinn sem notaður er í eldstæðin er umhverfisvænn og sóta þau hvorki né mynda reyk, þannig að ekki er þörf á skorsteini eða útsogi," segir Valgerður. „Þau eru einföld í uppsetningu, hreyfanleg á milli staða og henta bæði innan dyra og utan. Hreyfanleiki eldstæðanna gerir það að verkum að þau eru ekki bundin við ákveðin hús eða staði og er hægt að flytja þau með sér að vild."

Til að kveikja upp í eldstæðinu er BioEthanol-brennsluvökva hellt í sérhannað eldbox. Eldur er síðan borinn að vökvanum og tekur það nokkrar mínútur fyrir hann að hitna. Ef notaðir eru um tveir lítrar af vökvanum logar í arninum í um fimm til átta tíma. Til að slökkva eldinn þarf að loka fyrir súrefnisflæði að brennsluvökvanum og er það gert með því að bregða loki yfir. „Eldstæðin eru ekki hugsuð til upphitunar heldur meira til að gefa híbýlum fólks fallegt og hlýlegt yfirbragð," segir Valgerður. „Þau gefa þó frá sér varma og þarf að umgangast þau eins og annan opinn eld."



Eldstæðin eru innblásin af íslenskri náttúru og heita eftir helstu eldstöðvum landsins, líkt og þessi arinn sem heitir Katla.



Lakagígar.



Hekla.



Laki.

Linda, sem er markaðsfræðingur, segir að hönnun af þessu tagi gefi arninum nýtt hlutverk og að hann sé í raun listaverk eða mubla á daginn en arinn á kvöldin. Hún segir hreyfanleika eldstæðanna einnig bjóða upp á ýmsa nýja möguleika.

Valgerður segir spennandi tíma fram undan en stefnt er að því að starfsemin fái nýtt nafn innan skamms auk þess sem hún flytji í nýtt húsnæði þar sem bæði verður smíðaverkstæði og verslun. Valgerður segir von á eldstæðunum í fleiri verslanir fyrir jól. „Það er mikið að gerast hjá okkur einmitt þessa dagana og eigum við eftir að ganga endanlega frá nokkrum lausum endum," segir Valgerður og bendir á að hægt sé að fylgjast með og fá upplýsingar á heimasíðunni www.hugmyndoghonnun.is.

*vera@frettabladid.is*


Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Prodema viðarklæðning
Álprófílar – Sapa Building System
Solarlux svalalokanir
Hraðhurðir
Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Stálhurðir með og án glugga
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is



Litadýrðin er mikil og því lítið mál að greina milli húsanna, sem annars eru öll svipuð í útliti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Tímarnir tvennir

**Nútíð og fortíð mætast í ýmsum myndum og stundum á all áberandi hátt. Á Sogaveginum í Reykjavík standa mörg gömul hús í mismunandi ásigkomulagi. Mörg þeirra hafa verið rifin en í stað þeirra rísa nútímaleg kubbahús. Hin nýju hús eru í allt öðrum stíl en hin eldri og bera vitni um breytta hugsun og breytta tíma.**



Sum eldri húsanna hafa verið gerð smekklega upp í stíl sem passar vel við önnur hús í hverfinu.



Einu elsta húsinu við Sogaveginn, Melbæ, er fallega við haldið. Melbær var byggður 1927 og var framan af eitt af smábýlunum í borginni því önnur burstin var fjós og hlaða en hin var íbúðarhús. Bóndinn í Melbæ sá bæjarbúum fyrir mjólk meðan leyfi til slíkrar sölu var fyrir hendi.



Á Sogaveginum eru mörg gömul hús í mismunandi ástandi. Þónokkur hafa verið rifin og í þeirra stað hafa risið nútímaleg kubbahús.



Gömul og virðuleg tré gnæfa yfir lágreistum þökum.



Sjarmerandi burstabæir standa við Sogaveginn.

# Álið er málið

## Fegurð, mýkt, ending



## Valsað báruál

**Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál.** Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál

| | |
|---|---|
| RAL 1013 | Perluhvítt |
| RAL 3002 | Rautt |
| RAL 3009 | Móráutt |
| RAL 5009 | Blátt |
| RAL 6003 | Ólívugrænt |
| RAL 7011 | Koksgrátt |
| RAL 7016 | Dökkgrátt |
| RAL 9006 | Silfurmetalic |
| RAL 9010 | Hvítt |
| RAL 9007 | Dökkur Metalic |





## Horfðu til himins

**Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði.**
Margar stærðir til á lager.
55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

| | |
|---|---|
| RAL 3009 | Móráutt |
| RAL 9005 | Svart |
| RAL 9010 | Hvítt |

HÚSASMIÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is
Söluaðili:
Verslanir Húsasmiðjunnar um land allt

**Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samlokueiningar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðaðu úrvalið á www.altak.is**

ALCAN Novelis

# Ál er okkar mál

ÁLTAK

**Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is**

# Bora, saga, brjóta og rífa

**Þegar ráðist er í breytingar utan húss eða innan er oft þörf á að fjarlægja veggi eða búa til nýjar dyr. Bjarki Sigurðsson vinnur hjá fyrirtæki sem fæst við slík verk. Það heitir Berserkir.**

„Þetta er þjónustufyrirtæki. Steinsteypusögun, kjarnaborun, múrbrot og rif eru okkar ær og kýr og við tökum að okkur ýmis verk sem aðrir sniðganga og flokkast ekki undir iðngreinar," segir Bjarki þegar forvitnast er um verksvið þeirra berserkjanna. „Við erum eingöngu í niðurrifi og broti en samt höfum við ekki farið út í að rífa niður heil hús," bætir hann við.

Fyrirtækið var stofnað aldamótaárið 2000 að sögn Bjarka en frá 2002 hefur það heitið Berserkir. Um 20 manns vinna þar að staðaldri og eins og flest fyrirtæki í byggingariðnaði hafa Berserkir erlenda starfsmenn í sinni þjónustu. „Við höfum haldið okkur við tékkneska stráka sem hafa reynst vel hjá okkur," segir hann. „Fyrirtækið er alltaf að stækka og þó höfum við ekki verið iðnir við markaðssetningu. En við erum með fasta viðskiptavini og þeir sem við þjónustum vísa öðrum á okkur. Við vinnum fyrir Pétur og Pál ef einhverju þarf að breyta utan húss eða innan, og erum til dæmis mikið í því að hreinsa húsnæði eftir verslanir og undirbúa jarðveginn fyrir nýjar. Flytjum ruslið í burtu og skilum öllu hreinu. Það er ekkert verk of lítið og fá of stór fyrir okkur," segir Bjarki, sem tekur þó fram að Berserkir vinni hvorki fyrir ríki né borg. „Við erum ekki hart verktakafyrirtæki og erum ekki á tilboðsmarkaði," útlistar hann. Það allra besta við vinnuna segir Bjarki vera félagsskapinn. Oft fara nokkrir saman í verkefni og margt skemmtilegt kemur upp á að hans sögn. „Við höfum oft talað um að við gætum gert bíómynd um öll ævintýrin sem við félagarnir lendum í," segir hann hlæjandi og er auðvitað rukkaður um eina skemmtisögu í lokin. Þá kemur þessi.

„Við höfðum verið að vinna í húsi númer 4. Vorum svo beðnir að rífa eldhúsinnréttingu í húsi númer 2. Það varð smá ruglingur á númerum þannig að okkar maður fór í hús númer 4, enda hafði hann ekki verið í þeim hópi sem var að vinna þar. Hann bankaði og var hleypt inn af húsmóðurinni sem var rétt að vakna. Hann sagðist vera kominn til að rífa eldhúsinnréttinguna. Hún taldi það alls ekki geta verið en okkar maður var harður á því. Hermann, yfirmaður hans, hefði sent sig. Frúin sat við sinn keip og sagðist alls ekki vilja missa innréttinguna enda væri hún bara nokkurra mánaða gömul."

*gun@frettabladid.is*



„Það er ekkert verk of lítið fyrir okkur og fá of stór," segir berserkurinn Bjarki Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DENON
- þegar hver tónn skiptir máli!
Glæsileg hönnun
Afburða hljómur
Einstök myndgæði
iPod tenging



GRAM
Denon Smart Life. Heimabíó í aðeins tveim hátölurum. Fullkominn DVD, CD og innbyggt útvarp.
1. verðlaun fyrir hönnun og hljómburð



Innbyggð iPod tenging aðgerðir á skjá.
verð frá 99.000,- stgr
kíktu á www.ef.is
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



Það er dýrt að taka ný lán og oft betra að yfirtaka gömul til að losna við lántökukostnað og stimpilgjöld.

# Yfirtaka lána minnkar lántökukostnað

**Á vef Íbúðalánasjóðs eru ýmis ráð fyrir þá sem huga að íbúðakaupum. Hér eru tvö þeirra með ábendingum um hvernig spara megi lántökukostnað og forðast stimpilgjöld.**

**YFIRTAKA LÁNA**

Hægt er að yfirtaka áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og bæta við nýjum lánum ef nægjanlegt veðrými er fyrir hendi. Þegar lán eru yfirtekin þarf ekki að greiða af þeim lántöku- og stimpilgjöld, alls 2,5 prósent af lánsupphæð. Oft er hagstætt að yfirtaka eldri lán, einkum ef kjör þess eru góð og liðið er á lánstímann. Öll lán, yfirtekin og ný, þurfa að rúmast innan hámarksláns Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma, nú 18 milljónir og innan brunabótamats og lóðarmats eignarinnar. Mögulegt er að taka yfir öll eldri lán nema lánin frá Byggingarsjóði verkamanna (1003).

**VEÐLÁNAFLUTNINGUR**

Íbúðalánasjóður getur heimilað veðflutning við eigendaskipti á íbúð að uppfylltum skilyrðum. Einstaklingar geta því flutt með sér lán sem hvílir á eign sem verið er að selja yfir á eign sem verið er að kaupa. Ekki þarf að greiða lántökueða stimpilgjöld af veðlánaflutningi. Hægt er að fá ný lán hjá Íbúðalánasjóði til viðbótar lánum sem voru flutt upp að 18 milljónum króna. Með samsettum lánum Íbúðalánasjóðs og Sparisjóðanna er hægt að bæta við nýjum lánum upp í allt að 27,1 milljón króna. www.ils.is


HEILDARLAUSNIR
JCB
FYRIR VERKTAKA
- TIL FORYSTU Í ÖLL VERK!
Hjólaskóflur
Skotbómulyftarar
GÆÐAVÉLAR Í STÓR OG SMÁ VERK
Fjölmargar stærðir og gerðir
- Beltagröfur
- Traktorsgröfur
- Hjólaskóflur
- Skotbómulyftarar
- Mini gröfur
- Valtarar
- Jarðvegsþjöppur
Traktorsgröfur
Stórar Beltagröfur
Beltagröfur
JCB VIBROMAX
Mini - vélar
Jarðvegsþjöppur
BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA
- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!
EUROCARGO
Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu
DAILY PROFESSIONAL DNA
Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar
Ný hönnun
Meira rými
Aukin gæði
Meira afl
Aukin afköst
Aukin þjónusta
Rekstraröryggi
STRALIS
Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur
VÉLAVER HF
TRAKKER
Trukkurinn fyrir verktakana
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is


Glæsileg gluggatjöld í Álnabæ.


Gluggatjöld í hefðarstíl. Fást í Álnabæ.


Flott tjöld í unglingaherbergið. Fást í Z brautum og gluggatjöldum.


Sólvarnartjöldin eru til í ýmsum myndum í Álnabæ.


Rimlatjöld og rúllugardínur eru tímanna tákn. Þessar eru í Álnabæ.


Hedda Löv-gardínur frá Ikea eru einkar smekkleg og ódýr lausn.

# Þykk, þunn og allt þar á milli

**Taulengjur, bæði þykkar og þunnar njóta vaxandi vinsælda á ný.**

Sólvarnargardínur, rimlar, strimlar og rúllugardínur er það sem langflestir sækjast eftir bæði fyrir stofur og svefnherbergi, að sögn afgreiðslukvenna í gardínubúðum. Svokallaðar „skrín“ gardínur njóta mestra vinsælda en það eru heilar, þunnar lengjur sem fást í ýmsum litum sem birtan kemur inn um en byrgja þó ekki sýn. Þó snýst það við þegar dimmir úti og ljósin kvikna inni. Þá er betra að hafa eitthvað sem hægt er að draga fyrir og nú segjast þessar sömu afgreiðslukonur finna aftur fyrir áhuga fólks á taulengjum, bæði þykkum og þunnum sem dræm sala hefur verið í síðustu tvö ár. Þeim fylgi líka bæði hlýleiki og fegurð. „Flestir byrja búskapinn á því að loka fyrir birtuna með rúllugardínum eða skríntjöldum. Síðan fá þeir sér lengjur utan yfir. Sumir skella sér í allan pakkann strax. Það fer eftir fjárráðum,“ segir Guðrún Helgadóttir afgreiðslukona í Álnabæ og veit hvað hún syngur. *-gun*


20-50% AFSLÁTTUR

POTTAR AF LAGER OG ÚR SÝNINGARSAL
DAGANA 5.-9. NÓVEMBER - OPIÐ 08.30 - 17.00




ÝMSIR AUKAHLUTIR
25% AFSLÁTTUR

TREFJAR EHF.

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227
pottar@trefjar.is • www.trefjar.is


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL RAFLAGNAEFNIS
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
VERÐ FRÁ 154
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 155
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
VERÐ FRÁ 283
RAKAÞOLNIR ROFAR OG TENGLAR
2595
TÖFLUKLUKKA
1590
STIGAAUTOMAT
299
GAUMLJÓS
INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICHINO DÓSIR
BEIGJUR - HÓLKAR - DÓSIR
SJÁLFVÖR OG LEKASTRAUMSROFAR
VERÐ FRÁ 199
SJÁLFVÖR 1 PÓLA
990
LEKASTRAUMSROFI 1 PÓLA
655
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
879
SJÁLFVÖR 3 PÓLA
1990
LEKASTRAUMSROFI 3 PÓLA
3267
4121
4139
3145
4123
GREINAKASSAR / TÖFLUR
VERÐ FRÁ 396
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
17.990
VINNULJÓSATAFLA
RÖR - LAGNARENNUR - BARKI
VERÐ FRÁ 199
STRAUMSKINNUR
859
BJÖLLUSPENNIR
290
BJALLA
1490
RELAY
VERÐ FRÁ 319
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR
VÍR OG KAPLAR
VERKFÆRI
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

**● LEIKUR MEÐ LITI**

Á heimasíðu Flugger lita gefst gestum tækifæri á að leika sér með þá liti sem fyrirtækið býður upp á og blanda þeim saman eftir sínu höfði. Síðan má sjá hvernig málningin kemur út á veggjum, hurðum, gólfum og öðrum svæðum.

Er leikurinn gerður til að auðvelda fólki að velja réttu málninguna í búðinni. Hafa skal hugfast að munur er á litunum á síðunni og þeim sem seldir eru í búðunum en starfsmenn Flugger leiðbeina þá viðskiptavinum.

Forritið skilar bestum árangri þegar skjáupplausnin er stillt á mesta mögulega fjölda lita.

Nánar á harpasjofn.is.



60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Sigfús Steinarsson hjá Parki í Kópavogi segir rennihurðir vinsælli nú en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Taka minna pláss

Sigfús Steinarsson, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Parka í Kópavogi, segir að rennihurðir verði sífellt vinsælli og þá sérstaklega meðal ungs fólks. Slíkar hurðir hafa meðal annars þann kost að þær taka minna pláss en venjulegar hurðir.

„Við erum með mjög mikið úrval af rennihurðum í öllum þeim málum sem fólk vantar, hvort sem það er úr viði eða gleri,“ segir Sigfús. „Við eigum eitthvað til af stöðluðum stærðum, þá helst þessar algengustu eins og úr eik og hvítu auk annarra algengra viðartegunda,“ bætir hann við. „Annað er sérsmíðað í hvaða útliti sem er,“ segir hann og nefnir dæmi: „Það er hægt að fá rennihurðir með gleri inni í hurðinni, stálramma í gegnum hana og margt fleira.“

Sigfús segir vinsældir rennihurða vera að aukast enda vilji fólk nýta plássið heima hjá sér í eitthvað annað en hurðarfleka sem opnast ýmist inn í herbergi eða fram á gang. „Hingað til hefur þetta aðallega verið notað inn í þvottahús og slíkt.“

Helstu kosti þess að nota rennihurðir segir Sigfús vera að hægt sé að renna þeim inn í vegginn. „Þannig getur þetta til dæmis verið þægilegt fyrir þá sem eru með tvær samliggjandi stofur. Gallinn sem fylgir þessu er hins vegar sá að það er ekki eins mikil hljóðeinangrun og ef venjulegar hurðir eru notaðar,“ segir Sigfús og bætir því við að í raun sé það aðallega smekkur hvers og eins sem ráði því hvernig hurðir séu valdar. „Unga fólkið virðist þó opnara fyrir rennihurðunum en það eldra.“ *- sig*

Danfoss



Danfoss ofnhitastillar
Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla
Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins









# Ert þú að byggja?

## Vantar þig steypu?

**BORG** býður allar tegundir af steypu til afhendingar strax!

Pantanir og söluráðgjöf í síma **414 7777**

**www.evborg.is**

**GÆÐI - ENDING ÁREIÐANLEIKI**

**BORG - Steypustöð**

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777 · Fax: 517-8901 · borg@evborg.is

# Það heitasta í ofnum í ár

**Þó að hlutverk ofna á heimilum sé fyrst og fremst að veita yl í híbýlin spillir ekki fyrir að þeir séu fallegir og fari vel sem hluti af innréttingunni.**

Hingað til hafa flestir ofnar verið sviplitlir ef frá eru taldir gömlu þykku röraofnarnir úr pottjárni sem prýða mörg eldri heimili. Nú fást ofnar með sama útliti í Rými/Ofnasmiðjunni á Háteigsvegi 7 en þeir eru úr stáli og mun léttari og auðveldari viðfangs en þeir gömlu. Þeir heita Charleston í anda þess tíma þegar gömlu röraofnarnir komu fram á sjónarsviðið. Nýju ofnarnir geta verið einfaldir eða margfaldir að þykkt, háir eða lágir, algerlega eftir óskum viðskiptavinarins. Meira að segja rúnnaðir fyrir horn eða í rauðum og gulum litum.

Framleiðandi þessara ofna er Zehnder, fyrirtæki sem er stærsti ofnaframleiðandi í Evrópu að sögn Sveinbjörns Finnssonar, sölumanns hjá Rými/Ofnasmiðjunni. Hann segir Charleston-ofnana hafa slegið í gegn ytra og þegar hafa náð 65 prósentum af söluhlutdeild Zehnder.

Þótt hugmynd Charleston-ofnanna sé sótt í fortíðina gildir annað um handklæðaofnana á sama stað. Þeir eru með mörgum örmum sem auðvelt er að þræða upp á. Þeir fást einnig svartir og krómaðir og í ýmsum útfærslum. Sem sagt nýjar áherslur í útliti og hönnun. *- gun*



Sveinbjörn Finnsson, sölumaður í Rými/Ofnasmiðjunni, situr á hillu ofan á nettum Charleston-ofni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Röraofnarnir eru til í mismunandi þykktum og stærðum.



Handklæðaofnar sem taka mikið og auðvelt er að þræða á. Til í hvítu, svörtu og krómuðu.



Ofn og snagar í einu og sama stykkinu. Þótt það sjáist ekki hér er smá sveigja á ofninum.



Flatur og þunnur ofn sem getur fallið inn í þar til gert pláss.



Ofnarnir eru líka til í ólíkum litum. Þessi er sérpantaður.


Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Augl. Þórhildar 1460.24

ARAN

# Láttu þig dreyma



Innrétting á mynd er Greta og er framleidd í hnotu.

## ...og gerðu okkar veruleika að þinni veröld



**Inn X Innréttingar** bjóða upp á stílhreinar og sérlega notendavænar **ítalskar innréttingar**. Þarlendir sérfræðingar, með eldheita ást á matargerð hafa náð fullkomnun í aðlögun eldhúsumhverfis að þörfum þeirra sem njóta þess að elda - og borða góðan mat.

Gæðin eru ótvíræð,
**en þó er það verðið sem kemur mest á óvart.**

Komdu í glæsilegan sýningarsal okkar að Dalvegi 10-14 og leyfðu hönnuðum okkar að aðstoða þig við að setja saman **draumaeldhúsið þitt.**

**Þín veröld - veldu Inn X**







INNX Innréttingar

Dalvegi 10-14 • 200 Kópavogur
Sími 577 1170 • Fax 533 1127 • www.innx.is

XEINN IX 07 10 011

# PHILIPS FLATSKJÁIR




**Philips 32PFL7332**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ **179.995**

PIXEL PLUS 2 HD

**TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI**

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU




**Philips 37PFL7332**
37" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ **189.995**




**Philips 42PFL7662D**
42" LCD Pixel Plus Full HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ **269.995**

## AMBILIGHT FLATSKJÁ BAKLÝSING — ALVEG EINSTÖK UPPLIFUN

Powered by ambi light




**Philips 32PFL7962D**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**159.995**
FULLT VERÐ **189.995**




Powered by ambi light

**Philips 42PFL7962D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**269.995**
FULLT VERÐ **299.995**

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is